HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

MA-ritgerð

félagsfræði

Afstæður skortur, huglægt óréttlæti og líðan í kjölfar bankahrunsins

Berglind Hólm Ragnarsdóttir

Október 20010

Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg

Nemandi: Berglind Hólm Ragnarsdóttir

Kennitala: 09.02.81-5349

Útdráttur

Samkvæmt kenningunum um félagslegan samanburð getur afstæður skortur haft slæm áhrif á líðan einstaklinga burt séð frá hlutlægri stöðu þeirra. Efnhagshrunið sem átti sér stað haustið 2008 hafði sérstaklega mikil áhrif hér á landi og margir lentu í fjárhagslegum erfiðleikum í kjölfarið. Í þessari rannsókn er kannað hvort það að telja sig hafa komið illa út úr kreppunni hafi áhrif á upplifun á óréttlæti, reiði og siðrofi, burt séð frá hlutlægri stöðu. Enn fremur var markmið rannsóknarinnar að skoða áhrif mismunandi samanburðarhópa. Samkvæmt kenningunni getur félagslegur samanburður átt sér stað við annan einstakling, hóp eða sjálfan sig yfir tíma. Tilgátan er sú að áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á líðan séu háð því, annars vegar, hvort einstaklingurinn telur sig hafa komið illa út úr kreppunni í samanburði við aðra Íslendinga og hins vegar í samanburði við væntingar sínar um lífskjör í framtíðinni,

Tilgáturnar eru kannaðar með gögnum úr viðtalskönnun sem lögð var fyrir fullorðna Íslendinga (18 ára og eldri) á tímabilinu frá nóvember 2009 til maí 2010. Úrtakið samanstendur af 796 einstaklingum en hafa ber í huga að gagnaöflun fer enn fram og því er þetta forgreining á niðurstöðum.

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja tilgáturnar að stærstum hluta. Þær benda til þess að upplifun á verri lífskjörum í kjölfar kreppu hafi áhrif á huglægt óréttlæti, reiði og siðrof. En þær benda jafnframt til þess að þessi áhrif séu háð bæði 1) væntingum um framtíðina og 2) samanburði við aðra Íslendinga. Þannig eru tölfræðileg áhrif þess að upplifa versnandi lífskjör í kjölfar kreppunnar á reiði, óréttlæti eða siðrof marktækt sterkari hjá þeim sem telja að lífskjör/staða eigi eftir að versna á næstu misserum. Enn fremur benda niðurstöður til þess að áhrif versnandi lífskjara á óréttlæti eða reiði séu sterkari meðal þeirra sem telja kreppuna hafa haft verri áhrif á sig fjárhagslega en aðra Íslendinga. Þessi mynstur haldast þegar stjórnað er fyrir hlutlægum þáttum á borð við menntun, tekjur og skuldastöðu.

Efnisyfirlit

Inngangur 6
Kenningarlegur bakgrunnur 12
Samanburðarhópar 14
Afstæður skortur: sjálfselskur eða bræðralags 18
Reiði og óréttlæti 19
Siðrof 21
Fyrri rannsóknir 23
Takmarkanir fyrri rannsókna 29
Markmið rannsóknar og rannsóknartilgátur 31
Aðferðir og gögn 33
Mælingar 34
Úrvinnsla gagna 37
Niðurstöður 38
Lýsandi niðurstöður 38
Aðhvarfsgreining 43
Umræður 57
Heimildaskrá 63

Töflu og myndaskrá

Tafla 1: Lýsandi niðurstöður 38
Tafla 2. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna huglægt óréttlæti. 44
Tafla 3. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna reiði. 48
Tafla 4. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna stöðugleiki í þjóðfélaginu..... 52
Tafla 5. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna hollusta við norm. 55

Mynd 1. Breyting á lífskjörum eftir kreppu, lýsandi niðurstöður. 39
Mynd 2. Áhrif kreppu í samanburði við aðra Íslendinga, lýsandi niðurstöður. 40
Mynd 3. Væntingar um lífskjör, lýsandi niðurstöður. 41
Mynd 4. Væntingar um stöðu, lýsandi niðurstöður. 41
Mynd 5. Staða á skuldum og eignum, lýsandi niðurstöður. 42
Mynd 6. Áhrif lífskjarabreytingar í kjölfar kreppu á upplifun á óréttlæti eftir væntingum um lífskjör/stöðu..... 45
Mynd 7. Áhrif lífskjarabreytingar í kjölfar kreppu á upplifun á óréttlæti eftir samanburði við aðra Íslendinga..... 46
Mynd 8. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á reiði eftir væntinum um lífskjör. 49
Mynd 9. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á reiði eftir samanburði við aðra Íslendinga..... 50
Mynd 10. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á stöðugleika í þjóðfélaginu eftir væntingum um lífskjör..... 53
Mynd 11. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á hollustu við norm eftir væntingum lífskjör..... 56

Inngangur

Undir lok síðustu aldar og í upphafi nýrrar voru tímar mikilla framfara á Íslandi og mikil bjartsýni ríkti í þjóðfélaginu. Margir sáu aukin tækifæri fyrir Ísland með nýrri tækni og alþjóðavæðingu, þetta var tími mikillar uppsveiflu og oft kallað tímabil góðærisins hér á landi. Íslendingar höfðu færst á um einni öld frá því að vera ein vanþróaðasta og fátækasta þjóð Evrópu til þess að búa við hvað mesta velmegun allra þjóða árið 2008. Frá árinu 1944 þegar Íslendingar öðluðust sjálfstæði hefur hagvöxtur nánast einungis legið stöðugur upp á við. Eftir 1990 hafði hann náð verulegum hæðum þar sem þjóðarframleiðsla jókst um 77% til ársins 2008 (Gunnar Haraldsson og Magnús Árni Magnússon, 2009). Á sama tíma fór íslenska þjóðin að skipa sér sess í efstu sætum flestra alþjóðlegra mælikvarða er snúa að lífskjörum og velmegun. Lífsskilyrði mældust til dæmis best allra þjóða hér á landi árið 2007 samkvæmt úttekt Sameinuðu þjóðanna (Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, 2007). Engin takmörk virtust vera fyrir framþróun hér á landi. Gott dæmi um tíðarandann á þessum árum er bók Hannesar Hólmstein „Hvernig getur Ísland orðið ríkasta land í heimi?“ Þegar bókin er skrifuð árið 2001 er Ísland í 5. sæti yfir ríkustu þjóðir heims en það þótti ekki nóg, stefna skyldi á fyrsta sætið (Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 2001).

Á tíma góðærisins gerðist það á tiltölulega skömmum tíma að efnahagslegt vald safnaðist á fárra manna hendur og til varð ný forréttindastétt sem lifði við meiri munað en áður hafði sést hér á landi. Í bók sinni *Hrunið* lýsir Guðni Th. Jóhannesson (2009) því munaðarlífi sem sem „auðmennirnir“ lifðu. Samkvæmt honum létu þeir sér ekki nægja að halda mikilfenglegar veislur með eðalvínum og mat heldur voru skemmtikraftar flognir inn að utan og aftur til baka eftir að hafa komið fram. Þegar nöfn Íslendinga tóku að birtast á listum yfir ríkasta fólk í heimi voru fyrri mælikvarðar á laun sprengdir, viðmiðin breyttust og átti það eftir að hafa áhrif á allt samfélagið.

Í *Skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis* (2010) greinir frá því hvernig fjölmiðlar á þessum tíma kepptust við að fjalla um lífstíl þeirra ríkustu og neyslumenninguna sem einkenndi þann lífstíl. Auðmennirnir settu viðmið um nýjan lífsstíl sem ekki hafði þekkst hér áður og flest bendir til þess að þau hafi smitast langt út fyrir raðir þeirra ríkustu. Fjöldi Íslendinga eltist við lífshætti auðmannanna með því til dæmis að fjárfesta

í stórum íbúðum og dýrum bílum. Fólk taldi sig geta ráðist í þessar fjárfestingar þrátt fyrir að búa ekki við sömu launakjör og þeir efnuðustu. Fjármálastofnanir hvöttu fólk til lántöku og farið var að bjóða allt að 100% lán til kaupa á íbúðum og bílum. Þessar aðstæður juku mögulega væntingar einstaklinga um lífskjör og stöðu þar sem þeir töldu sig geta náð sömu markmiðum og þeir betur stöddu (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010).

Þann 15. september 2008 sótti bandaríska fjármálafyrirtækið Lheman brothers um greiðslustöðvun. Í kjölfarið lentu mörg fjármálafyrirtæki víðsvegar um heim í vandræðum. Þetta var upphafið að efnahagshruninu hér á landi og erlendis. Fljótlega fóru önnur fyrirtæki að verða gjaldþrota og atvinnuleysi tók að aukast. Meðalfjöldi atvinnulausra einstaklinga á Íslandi jókst úr 1.632 árið 2007 í 13.407 árið 2009 (Hagstofa Íslands, e.d.). Fyrstu vikurnar og mánuðina eftir bankahrunið ríkti mikil óvissa í samfélaginu um hvað tæki við. Vilhjálmur Árnason ofl. (2010) lýsa því þannig í grein sinni *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall bankanna 2008* að fljótlega eftir hrun bankanna hafi það komið æ betur í ljós að góðærið hafði verið blekking ein. Fyrstu mánuðina eftir hrunið hafi margir Íslendingar upplifað sig sem leiksoppa örlaganna. Kreppan hafði skollið á. Þeir voru óviðbúnir þegar niðursveiflan hófst og gátu ekki tekið ráðin í sínar hendur. Ætla má að í kjölfar kreppunnar hafi lífskjör margra versnað og væntingar brostið þar sem fjöldi einstaklinga stóð nú allt í einu frammi fyrir alvarlegum fjárhagserfiðleikum.

Í þessari ritgerð verða áhrif kreppunnar á líðan Íslendinga könnuð. Nánar tiltekið verður skoðað hvernig sú breyting sem orðið hefur á lífskjörum Íslendinga í kjölfar kreppu hefur mótað líðan þeirra. Samkvæmt kenningum félagsfræðinnar geta skyndilegar breytingar í samfélaginu haft veruleg áhrif á líðan fólks. Miklar og hraðar breytingar á formgerð samfélagsins grafa undan stöðugleika sem getur leitt til þess að einstaklingar samþættast ekki lengur samfélaginu og þeim viðmiðum og gildum sem þar ríkja (Runciman, 1966; Zhao og Cao, 2010). Með orðum Émile Durkheim (2002 [1897]) getur siðrof (e.*anomie*) orðið hliðarafurð hraðra félagslegra breytinga.

Þegar kreppa skellur skyndilega á eins og gerðist hér á landi er hætta á að margt fólk lendi í fjárhagserfiðleikum sem haft getur slæm áhrif á andlega líðan þeirra. Það þarf þó ekki að vera að einstaklingar finni til vanlíðanar einvörðungu vegna *hlutlægs skorts* (e. *objective deprivation*) á borð við hungur eða húsnæðisleysi. Samkvæmt kenningum um félagslegan samanburð getur *afstæður skortur* (e. *relative deprivation*) einnig haft

mikilvæg áhrif á líðan fólks (Merton og Rossi, 1968; Runciman, 1966; Stouffer, 1949). Megin inntak slíkra kenninga er að ánægja einstaklings með stöðu sína í lífinu byggist ekki einvörðungu á því hvernig hann stendur til dæmis fjárhagslega, hvort hann geti keypt sér dýran bíl eða búið í stóru húsi. Það sem skiptir ekki síður máli er huglægur samanburður (e.*subjective comparison*); um leið og einstaklingurinn ber sig saman við fólk sem á dýrari bíl og stærra hús en hann sjálfur, þá er hætta á að hann að verði óánægður með stöðu sína og telji sig ekki fá þá hluti sem hann eigi rétt á að fá. Þessi hugsun hefur lengi verið miðlæg í félagsfræðilegri hugsun, eins og Karl Marx (1978 [1847]) skrifar:

> A house may be large or small; as long as the neighbouring houses be constructed to the same size, then all social requirements for residences are achieved. But let there arise next to a house a palace, then the house shrinks to the size of a small hut. The little house now makes it clear that its inmate has no social position at all to maintain, or but a very insignificant one; and then the occupant of the relatively little house will start to find himself more uncomfortable, more dissatisfied, and more cramped within his walls. (bls.35)

Upplifun á afstæðum skorti getur haft margvíslegar neikvæðar afleiðingar fyrir líðan, hegðun og viðhorf fólks ekkert síður en hlutlægur skortur. Talið er að neikvæður samanburður geti leitt til þess að einstaklingar upplifi reiði og gremju og fari að líta á samfélagið sitt og stöðu sína í því sem óréttláta (Tyler og Smith, 1997). Þetta getur orðið til þess að fólk meðvitað eða ómeðvitað hafni viðmiðum og gildum samfélagins og leiðist jafnvel út í frávikshegðun (Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2009). Ef *samanburðarhópurinn* (e. *reference group*), það er að segja sá hópur sem einstaklingur ber sig saman við, hefur það betra en hann sjálfur er hætta á að hann upplifi afstæðan skort.

Samkvæmt Walter G. Runciman (1966) má búast við að tíðni og styrkleiki afstæðs skorts aukist ef aðstæður í þjóðfélaginu versna snögglega. Aðrir fræðimenn sem skoðað hafa áhrif afstæðs skorts halda því fram að hraðar efnahagslegar breytingar í samfélaginu geti haft sérstaklega mikil áhrif á hvernig einstaklingur ber sig saman við sjálfan sig yfir tíma (Davies, 1969; Gurr, 1968). Samkvæmt Davies (1969) eru borgaraleg átök, byltingar og pólitískt ofbeldi líklegri til að eiga sér stað sökum upplifunar fólks á afstæðum skorti ef kreppa skellur skyndilega á í kjölfar langs góðæris. Upplifun á afstæðum skorti getur þannig samkvæmt kenningunni haft áhrif á líðan einstaklinga ekki síður en upplifun þeirra á hlutlægum skorti. Jafnframt virðast

skyndilegar breytingar á formgerð samfélagsins, eins og gerist í kjölfar kreppu, geta framkallað eða aukið afstæðan skort.

Þótt mikið hafi verið fjallað um afstæðan skort og félagslegan samanburð hafa tiltölulega fáar félagsfræðilegar rannsóknir verið framkvæmdar á afleiðingum þess að upplifa afstæðan skort. Eitt af því sem gerir reynsluathugun á kenningunni um afstæðan skort flókna er að erfitt er að vita hver mikilvægasti samanburðarhópurinn er hverju sinni. Val á samanburðarhópi er flókið ferli, enda getur huglægur samanburður einstaklings verið við hann sjálfan yfir tíma, við annan hóp eða einstaklinga eða óhlutbundnar hugmyndir um „eðlileg“ lífskjör sem hann telur sig eiga rétt á (Runciman, 1966).

Eins og komið hefur fram var mikill uppgangur síðustu áratugi á Íslandi. Ætla má samkvæmt kenningunni um afstæðan skort að þær glansmyndir sem birtust í fjölmiðlum af lúxuslífi auðmannanna hafi aukið væntingar fólks á sama tíma og auðvelt aðgengi að láns fjármagni jók trúna á jöfn tækifæri. Samkvæmt Runciman (1966) eru einstaklingar sem búa í samfélagi þar sem allir eiga að hafa jafna möguleika á að ná langt í lífinu líklegri til að bera sig saman við fólk sem er hærra statt í þjóðfélagsstiganum. Ef slíkur samanburður er neikvæður aukast líkurnar á því að þeir upplifi afstæðan skort. Jón Gunnar Bernburg ofl. (2009) benda á að Íslenskt þjóðfélag henti mjög vel til að skoða áhrif afstæðs skorts þar sem félagsgerðin hér á landi ýti undir það að fólk beri sig saman við þá sem *betur eru staddir* (e. upward comparison). Mikill félagslegur hreyfanleiki og trú Íslendinga á jöfn tækifæri kann að ýta undir að Íslendingar bera sig í miklum mæli saman við fólk sem er betur statt en það í þjóðfélaginu (Dóra S. Bjarnason, 1974; Stefán Ólafsson, 1999; Þórólfur Þórlindsson, 1988). Fjárhagslegi uppgangurinn sem ríkti í þjóðfélaginu undanfarin ár gæti hafa ýtt enn frekar undir trú fólks á jöfn tækifæri og þannig aukið líkur á samanburði við betur setta einstaklinga. Væntingar gætu aukist í kjölfarið þar sem fólk sér fyrir sér góð lífskjör í framtíðinni. Ef þessar væntingar síðan brostna er hætta á að einstaklingar upplifi afstæðan skort í kjölfarið.

Aðstæðurnar á Íslandi í dag, í miðri kreppu, eru einstakt tækifæri til þess að einangra mismunandi tegundir félagslegs samanburðar og áhrif þess að upplifa afstæðan skort á líðan einstaklinga þegar raunverulegri efnahagslegri stöðu þeirra er stjórnað tölfræðilega. Hér í framhaldinu skoðum við upplifun Íslendinga á afstæðum skorti í kjölfar efnahagshrunsins og áhrif þeirrar upplifunar á líðan þeirra. Rannsóknin byggist á

viðtalskönnun sem lögð var fyrir um 800 fullorðna Íslendinga veturinn 2009-2010. [1] Könnunin var heimsóknarkönnun og hafði meðal annars að geyma mælingar á huglægum samanburði, upplifun á áhrifum kreppunnar og líðan svarenda.

Meginmarkmiðið í þessari ritgerð er að skoða hvernig huglægur samanburður tengist líðan og upplifun á óréttlæti að teknu tilliti til hlutlægra lífskjara. Nánar tiltekið er markmiðið að kanna áhrif félagslegs samanburðar á huglægt óréttlæti, reiði og siðrof. Í fyrsta lagi verður skoðað hvernig huglæg breyting á lífskjörum í kjölfar kreppunnar tengist líðan fólks. Með öðrum orðum, hvort einstaklingar sem telja lífkjör sín hafa versnað í kjölfar kreppu séu líklegri en aðrir til þess að upplifa reiði, óréttlæti og siðrof.

Í öðru lagi verður kannað hvort áhrif versnandi lífskjara á líðan séu skilyrt af félagslegum samanburði. Efnahagshrunið var atburður sem allir Íslendingar lentu í, en þegar hópur lendir í slíku mótlæti er líklegt að hann styrkist sem samanburðarhópur (Tajfel, 1978). Íslendingar hafa löngum verið lítil þjóð og einsleit þar sem *þjóðarsamsömun* (e. *national identity*) er frekar mikil. Ætla má að fólk beri sig auðveldlega saman við aðra Íslendinga þar sem við höfum hingað til, sökum landafræðilegrar legu og fámennis, litið á okkur sem öll á sama báti (Hulda Þórisdóttir, 2010). Íslendingar hafa einnig verið stoltir af þjóðerni sínu og á tímum góðærisins jókst stoltið enn frekar. Það virtust enginn takmörk fyrir sigrum Íslendinga á alþjóðavettvangi (Hulda Þórisdóttir, 2010). Tajfel (1978) hefur skrifað um félagslegan samanburð af þessu tagi. Samkvæmt honum mun einstaklingur sem telur hópinn sinn skera sig frá öðrum hópum og vera þeim jafnvel æðri eða betri upplifa sterkari félagslega samsömun með hópnum. Því meiri samsömun sem einstaklingurinn finnur með hópnum því sterkari verður hann sem samanburðarhópur. Þegar kreppan skellur á eru Íslendingar enn á sama báti, allir lentu í kreppunni án þess að fá nokkuð við því ráðið en Tajfel benti jafnframt á að hópur getur styrkst sem samanburðarhópur þegar honum þykir að honum vegið utan frá. Hér verður skoðað hvort neikvæð lífskjarabreyting hafi haft meiri áhrif á líðan meðal þeirra sem telja sig hafa komið verr út úr kreppunni en aðrir Íslendingar.

Önnur tegund huglægs samanburðar er sá samburður sem einstaklingur gerir við sjálfan sig fram í tímann (Davies, 1969; Levine og Moreland, 1987; Gurr, 1968; Runciman, 1966). Það er að segja, þegar einstaklingar bera stöðu sína saman við væntingar um lífskjör eða stöðu í framtíðinni og getur slíkur samanburður oft haft veruleg áhrif á líðan þeirra. Hér verður í þriðja lagi skoðað hvort áhrif huglægra breytinga á lífskjörum eftir kreppu séu skilyrt af

[1] Um er að ræða forgreiningu á niðurstöðum. Gagnaöflun fer enn fram en ætlunin er að ná að minnsta kosti 900 svarendum.

væntingum um framtíðina. Með öðrum orðum, munum við skoða hvort þeir einstaklingar sem upplifa lífskjör sín verri eftir kreppu upplifi frekar vanlíðan ef þeir telja lífskjör sín eða stöðu í framtíðinni eiga enn eftir að versna.

Fjórða markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort sama mynstur fáist fyrir ólíkar útkomur, þ.e. huglægt óréttlæti, reiði og siðrof.

Í fimmta og síðasta lagi er eitt meginmarkmið þessarar rannsóknar að skoða ofangreind sambönd að teknu tilliti til hlutlægrar efnahagsstöðu einstaklingsins. Samkvæmt kenningunni um afstæðan skort getur sú upplifun haft áhrif á líðan einstaklinga burt séð frá hlutlægri stöðu eða skorti. Því er mikilvægt að stjórna fyrir efnahagssstöðu og verða samböndin því öll skoðuð að teknu tilliti til hlutlægrar þátta á borð við tekjur, skuldir og menntun.

Kenningarlegur bakgrunnur

Árið 1949 voru Samuel A. Stouffer ofl. fyrstir til að koma fram með hugtakið um afstæðan skort (e. *relative deprivation*). Stouffer notaði hugtakið til þess að skýra óvæntar niðurstöður úr rannsókn sinni á bandarískum hermönnum í seinni heimstyrjöldinni. Í rannsókninni sem nefndist *The American Soldier*, kom meðal annars í ljós að flugmenn hersins voru mun óánægðari með stöðuhækkunarkerfi sitt en þeir sem störfuðu hjá herlögreglunni. Þetta þótti Stouffer undarlegt þar sem að stöðuhækkanir meðal flugmannanna voru tíðar og almennt miklar líkur á stöðuhækkun. Hjá herlögreglunni aftur á móti voru stöðuhækkanir mun sjaldgæfari. Þessar niðurstöður voru þvert á það sem Stouffer hafði búist við en að lokum skýrði hann þetta þannig að sökum þess hve tíðar stöðuhækkanir voru hjá flugmönnunum þá ríkti meiri óánægja þeirra á meðal þar sem þeir sem ekki höfðu fengið stöðuhækkun báru sig saman við samstarfsfélaga sína sem klifu metorðastigann mjög hratt. Á sama tíma voru herlögreglumennirnir ekki eins óánægðir því þeir báru stöðu sína saman við samstarfsfélagana innan herlögreglunnar þar sem stöðuhækkanir voru alls ekki svo tíðar og flestir voru að klífa metorðastigann á sama hraða. Samkvæmt Stouffer grundvallaðist ánægja hermannanna á sambandinu á milli væntinga þeirra og núverandi stöðu í samanburði við þá sem voru á sama báti og þeir (Stouffer o.fl., 1949).

Á grundvelli þessara niðurstaðna settu Stouffer o.fl. fram kenninguna um afstæðan skort. Samkvæmt kenningunni meta einstaklingar stöðu sína í samfélaginu sem jákvæða eða neikvæða eftir því hvernig þeir koma út í samanburði við aðra. Með öðrum orðum, ánægja einstaklings með hlutlæga stöðu sína ræðst af huglægum samanburði hans við aðra hópa eða einstaklinga (Runciman, 1966; Stouffer o.fl, 1949).

Samkvæmt Stouffer má skilja afstæðan skort á eftirfarandi hátt: Ef A vill eitthvað sem hann hefur ekki og ber sig saman við B sem hefur það þá upplifir A afstæðan skort. Að sama skapi ef væntingar A eru meiri en væntingar B, eða ef A hefur haft það betra í fortíðinni en B þá gæti A upplifað afstæðan skort í samanburði við B ef þeir eru nú á svipuðum stað í lífinu (Runciman, 1966; Stouffer o.fl., 1949). Með öðrum orðum, afstæður skortur er sú tilfinning eða upplifun á að skorta eitthvað í samanburði við aðra, hvort sem viðkomandi raunverulega býr við þennan skort eða ekki.

Kenningin um afstæðan skort hefur verið félagsvísindunum hugleikin undanfarin 50 ár þar sem hún þykir einkar gagnleg til þess að skýra ýmsar félagslegar þversagnir. Hún skýrir hvers vegna fólk sem hefur það hlutlægt verra en aðrir er oft ánægðara með stöðu sína en þeir sem hafa það betra. Eftir að Stouffer setti fram hugtakið um afstæðan skort hefur þetta verið eitt af lykilhugtökum félagsfræðinnar, félags-sálfræðinnar og stjórnmálafræðinnar (Crosby, 1979; Levine o.fl., 1987; Pettigrew, 1978; Taylor, 2002; Tyler, Boeckmann, Smith, & Huo, 1997).

Eitt mikilvægasta ritið sem komið hefur út um afstæðan skort er rit Runcimans (1966), *Relative Deprivation and Social Justice*. Í ritinu gerir hann grein fyrir afstæðum skorti og áhrifum þess að upplifa afstæðan skort á huglægt réttlæti. Hann leggur sérstaka áherslu á að þróa hugmyndir Stouffer áfram og hugtakabinda samanburðarhópana frekar. Hann breikkar meðal annars hugtakið á þann veg að gera greinarmun á upplifun á afstæðum skorti hjá einstaklingum annars vegar og meðal hópa hins vegar.

Félagslegur samanburður er samkvæmt Runciman óumflýjanlegur. Öll metum við stöðu okkar meðvitað eða ómeðvitað í einhverskonar samanburði. Það sem er lykilatriði í kenningunni um afstæðan skort er hvort samanburðurinn sem á sér stað er jákvæður eða neikvæður fyrir einstaklinginn. Samkvæmt kenningunni hafa bæði menning og félagsleg lagskipting samfélagsins áhrif á það hvernig fólk velur samanburðarhópa sína. Fólk ber sig helst saman við hópa sem það telur sig eiga eitthvað sameiginlegt með, en hafa ber í huga að það eru makró-félagsleg munstur sem móta það með hverjum fólk telur sig eiga eitthvað sameiginlegt. Runciman gefur til kynna að afstæður skortur kunni að hafa einna mest áhrif í samfélagi þar sem mikil áhersla er lögð á jöfn tækifæri þar sem slíkt samfélag ýtir undir félagslegan samanburð við einstaklinga sem eru betur settir (e. *upward social comparison*). Ef samfélagið ýtir undir þá trú fólks að tækifærin séu jöfn og að það geti náð sömu markmiðum og aðrir í þjóðfélaginu er hætta á að einstaklingar upplifi afstæðan skort ef þeir hafa síðan ekki leiðir til þess að ná þessum markmiðum (Runciman, 1966).

Það kann að hljóma sem þversögn en samkvæmt Runciman ættu einstaklingar eða hópar sem hafa enga ástæðu til þess að vonast eftir eða búast við einhverju meiru eða betra en þeir hafa nú þegar að vera síður óánægðir með það sem þeir hafa, þrátt fyrir að búa til dæmis við mikla fátækt. Ef aftur á móti þeir fara að sjá velmegun annars hóps sem þeir bera sig saman við sem möguleg markmið fyrir sjálfan sig þá fyrst verða þeir óánægðir með það sem þeir hafa þar til þeir hafa náð þeim markmiðum (Runciman, 1966).

Nátengd kenningunni um afstæðan skort er kenning sem James C. Davies (1969) setti fram um J-kúrfuna. J-kúrfan lýsir sér þannig að við erum með einstakling sem smám saman vegnar betur og betur í lífinu eftir því sem hann eldist, fær fasta vinnu og hækkar jafnt og þétt í launum. Á sama tíma verða væntingar hans um framtíðina betri og betri. Svo gerist það að lífskjör hans hætta að aukast eins hratt og áður en væntingarnar aukast enn. Þetta segir Davies eðlilega þróun og því munurinn sem myndast á væntingum og stöðu ásættanlegur. Ef aftur á móti lífskjör einstaklingsins versna skyndilega eykst munurinn á núverandi lífskjörum og þeim væntingum sem hann hefur haft svo mikið að hann upplifir neikvæðar tilfinningar í kjölfarið. Samkvæmt þessu ættu versnandi lífskjör í kjölfar skyndilegs efnahagshruns frekar að hafa neikvæð áhrif á einstaklinginn ef væntingar um framtíðina eru einnig brostnar (Davies, 1969).

Deilt hefur verið um hversu mikið kenningin um J-kúrfuna tengist kenningunni um afstæðan skort. Gurr (1968) er einn af þeim sem hvað mest hefur skrifað um afstæðan skort og hann segir J-kúrfuna útskýra mjög vel það sem hann sjálfur kallar *stigvaxandi afstæðan skort* (e. *progressive deprivation*). Gurr (1968) segir afstæðan skort geta átt sér stað á þrjá vegu og tengir hann það alltaf við væntingar um framtíðina. Í fyrsta lagi nefnir hann *rýrnunarskort* (e. *decrimental deprivation*). Það lýsir sér þannig að væntingar haldast eins en leiðir að markmiðum hverfa. Sem dæmi tekur hann þegar innflytjendur flykkjast í störf fyrir ófaglærða og veikja þannig stöðu þeirra ófaglærðu sem voru í landinu fyrir. Í öðru lagi nefnir hann *skort er tengist þrá eftir því að ná lengra* (e. *aspirational deprivation*) en þá aukast væntingar en leiðir að markmiðunum haldast eins. Dæmi um þetta gæti verið einstaklingur sem kemst í kynni við betra líf sem hann þráir í kjölfarið að öðlast en er ekki í aðstöðu til þess. Í þriðja lagi eru svo áður nefndur stigvaxandi skortur. Það er þegar væntingar aukast jafnt og þétt og einnig leiðir að markmiðunum. Allt í einu hætta leiðirnar að markmiðunum að aukast á við væntingarnar eða hrapa skyndilega niður. Gurr segir þetta gerast til dæmis þegar kreppa skellur á í samfélaginu eins og gerðist hér á landi.

Samanburðarhópar

Ánægja eða óánægja fólks með stöðu sína í lífinu veltur því að miklu leyti á samanburðarhópnum. Ef samanburðurinn er jákvæður þá eykur það líkur á því að fólk verði ánægt með stöðu sína í samfélaginu en líkur á að það verði óánægt aukast ef samanburðurinn er neikvæður. Í rannsókn sinni *The Psychology of Status* gerði Herbert H. Hyman (1942) tilraun á því hvernig mismunandi samanburðarhópar geta haft áhrif á

ánægju fólks með stöðu sína. Niðurstöðurnar sýndu fram á það að ef fólk skiptir um samanburðarhóp breytir það huglægu mati þeirra á stöðu sinni í samfélaginu sem aftur hefur áhrif á líðan þeirra (Hyman, 1942).

En hvaðan koma samanburðarhóparnir? Að bera kennsl á samanburðarhópa fólks er bæði erfitt og flókið (Levine o.fl., 1987; Runciman, 1966). Í fyrsta lagi skal nefna að samanburðarhópar þurfa alls ekki að vera hópar þrátt fyrir nafngiftina. Eins og komið hefur fram getur samanburðurinn verið við einstakling, hóp eða óhlutbundna hugmynd um „eðlileg“ lífskjör sem við teljum okkur eiga rétt á.

Runciman (1966, bls.9) lagði sérstaka áherslu á að greina betur hugtakið samanburðarhópar. Þar lýsti hann af töluverðri nákvæmni hversu flókið val fólks á samanburðarhópi og svo áhrifum hans getur verið. Runciman segir samanburðinn fyrst og fremst birtast á tvennan hátt. Í fyrsta lagi ber einstaklingurinn sig saman við sjálfan sig yfir tíma. Ánægja hans veltur því á væntingum hans um framtíðina eða reynslu úr fortíðinni. Sem dæmi má nefna tvær konur, við aðra þeirra hefur verið gefið í skyn að hún muni fá stöðuhækkun í vinnunni en ekki við hina. Samkvæmt kenningunni mun sú kona verða mun vonsviknari ef hún fær hana ekki heldur en hin konan sem ekki hafði verið gefið í skyn við að gæti fengið stöðuhækkun. Það er vegna þess að hún er með ákveðnar væntingar sem brostna og svo metur hún stöðu sína í samanburði við þær væntingar.

Í öðru lagi ber fólk sig saman við aðra einstaklinga eða hópa og einkennist samanburðarhópurinn fyrst og fremst af fólki sem einstaklingur getur samsamað sig við á einn eða annan hátt. Með öðrum orðum, samanburðarhópurinn þarf að deila einhverjum einkennum með einstaklingunum til þess að samanburðurinn eigi sér stað. Samanburðarhópurinn getur verið staðbundinn (nágrannar, vinir) eða óhlutbundinn (fólk af sömu stétt, með sömu menntun eða af sama þjóðerni). Samanburðarhópurinn er einstaklingur eða hópur sem við samsömum okkur við á einhvern hátt. Hver svo sem raunveruleg lífskjör einstaklings eru þá mun ánægja hans með stöðu sína velta á því hvort hann kemur vel eða illa út í samanburði við aðra. Til að skýra þetta dæmi frekar getum við ímyndað okkur mann sem lagður er inn á sjúkrahús eftir minniháttar óhapp, hann mun að öllu líkindum vorkenna sjálfum sér minna ef hann er settur í rúm við hliðina á einstaklingi sem er alvarlega slasaður eftir samskonar óhapp. Samanburður við einstakling sem lenti í svipuðu óhappi en er mun verr staddur verður til þess að einstaklingnum líður betur með áverka sína sama hverjir þeir eru (Runciman, 1966).

Mat einstaklinga á aðstæðum sínum veltur því í raun á þeim samanburði sem þeir gera hverju sinni. En við hverja eða hvað eru einstaklingar helst að bera sig saman? Þau verk sem hafa verið rituð um félagslegan samanburð gefa til kynna að ólíkar tegundir félagslegs samanburðar hafi mismunandi áhrif á það hvernig fólk metur stöðu sína. Levine og Moreland (1987) benda á að illa hafi verið hægt að taka saman hverjar þessar tegundir eru og undir hvaða kringumstæðum hver þeirra á best við þar sem mismunandi rannsakendur hafi hingað til verið að skoða mismunandi tegundir samanburðar.

Levine o.fl. (1987) gerðu tilraun til þess að hugtakabinda mismunandi tegundir samanburðar með þau verk sem hafa verið skrifuð um félagslegan samanburð að leiðarljósi. Samkvæmt þeim hefur félagslegur samanburður þrjár víddir sem orka hver á aðra. Fyrsta víddin er *tegund samanburðar* (e. *type of comparison*) en þar er átt við hver uppspretta samanburðarins sé þ.e. hver einstaklingurinn eða hópurinn sem við berum okkur saman við sé. Hér er fyrst og fremst verið að huga að því hvort einstaklingurinn er að bera sig saman við sjálfan sig yfir tíma (sjálfur/sjálfur) eða við annan einstakling (sjálfur/annar) eða hóp (hópur/hópur). Þessi vídd skiptist því í þrennt þar sem að í sjálfur/sjálfur samanburði ber einstaklingurinn sig saman við sjálfan sig til dæmis aftur í tímann. Í sjálfur/annar samanburði ber einstaklingurinn sig saman við aðra einstaklinga/hópa og í hópur/hópur ber einstaklingur stöðu hópsins sem hann tilheyrir við stöðu annars eða sama hóps.

Seinni víddina kalla þeir *félagslegt samhengi* (e. *social context*) þar er átt við hvort samanburðurinn á sér stað meðal einstaklinga innan sama hóps (e. intragroup) eða á milli ólíkra hópa (e. intergroup). Þriðju víddina segja þeir vera *tíma samhengi* (e. *temporal context*) og þar er skoðað á hvaða tímabil samanburðurinn á sér stað. Er verið að bera saman við stöðu í fortíðinni, nútíðinni eða væntingar um framtíðina? Stöðurnar sem verið er að meta geta annars vegar átt sér stað á sama tímabili (e. *intratemporal*) t.d. báðar í nútíðinni eða á sitthvoru tímabilinu (e. *intertemporal*) til dæmis ef staða í dag er borin saman við væntingar um framtíðina.

Skilgreining Levine o.fl. nýtist ágætlega til þess að skilja mismunandi tegundir félagslegs samanburðar. Til þess að skilja þessar þrjár víddir betur og hvernig þær spila saman skulum við sjá dæmi um nokkrar mismunandi samsetningar. Dæmi um *sjálfur/sjálfur-innahóps-milli tíma samanburð* (self/self-intragroup-intertemporal) gæti verið háskólakennari sem ber laun sín í dag saman við væntingar sínar um laun í framtíðinni. Dæmi um *sjálfur/annar-millihópa-sama tímabil samanburð* (self/other-intergroup-intratemporal) gæti verið háskólakennari sem ber laun sín í dag saman við

laun annars kennara í öðrum háskóla þ.e. samanburður á stöðu tveggja einstaklinga sem tilheyra tveimur mismunandi hópum á sama tímapunkti. Að lokum gæti dæmi um *hópur/hópur-innanhóps-millitíma samanburður* (group/group-intragroup-intertemporal) verið háskólakennari sem ber saman núverandi fjárframlag háskóla síns við fjárframlag háskólans fyrir ári síðan þ.e. samanburður eins og sama hóps á stöðu sinni á tveimur mismunandi tímabilum (Levine o.fl., 1987).

Þetta eru dæmi um þær mismunandi tegundir samanburðar sem geta átt sér stað samkvæmt samantekt Levine og Moreland. Þeir veltu því jafnframt fyrir sér líkt og fjölmargir rannsakendur hvenær ein tegund samanburðar er mikilvæg en ekki önnur. Svarið við þeirri spurningu virðist vera að það sé flókið samspil ólíkra þátta sem ræður því. Flestir eru þó sammála um að það séu fyrst og fremst tveir þættir sem hafa þarf í huga þegar meta skal hvort samanburðarhópur skiptir máli. Í fyrsta lagi hversu aðgengilegar upplýsingar eru um þennan hóp sem þar af leiðandi gera samanburðinn mögulegan. Einstaklingar geta illa borið stöðu sína saman við stöðu annarra einstaklinga eða hópa ef þeir vita ekki hver staða þeirra er. Í öðru lagi þarf rannsakandi að spyrja sig hversu vel einstaklingur getur samsamað sig með hópnum. Það er ólíklegra að hann beri sig saman við einhvern sem hann á ekkert sameiginlegt með og því ekkert sem segir að hann ætti að vera jafn vel eða betur settur en viðkomandi. Sem dæmi mætti nefna að svartur miðaldra prófessor í Suður-Afríku yrði seint samanburðarhópur hvítrar húsmóður á fertugsaldri á Íslandi. Þrátt fyrir að samanburðurinn sé við fólk sem er verr statt en einstaklingurinn, þ.e. hóp eða einstakling sem hann telur sig eiga að vera æðri, þá verður hópurinn að eiga eitthvað sameiginlegt með honum til þess að samanburðurinn hafi áhrif á líðan hans (Austin, 1977; Levine o.fl., 1987; Runciman, 1966; Wills, 1981).[2]

---

[2] Fræðimenn eins og Wills (1981) og Austin (1977) halda því reyndar fram að val á samanburðarhópi fari einnig eftir tilgangi samanburðarins og hvort einstaklingur telji að samanburðarhópurinn muni fullnægja þeim tilgangi. Samkvæmt Austin (1977) getur tilgangurinn með samanburðinum verið annar af tveimur, annars vegar til að upphefja sjálfan sig og hins vegar til að rífa sig niður. Þeir einstaklingar sem vilja upphefja sjálfan sig munu bera sig saman við hóp eða einstaklinga sem þeir telja að ættu að vera *verr staddir en þeir sjálfir* (e. downward comparison). Þetta getur til dæmis átt við um menntaða einstaklinga sem bera sig saman við ómenntaða til þess að upphefja sjálfan sig. Ef þeir aftur á móti upplifðu í þessum samanburði að þeir ómenntuðu væru að fá til dæmis sömu laun og þeir sjálfir fyrir samskonar vinnu gætu þeir upplifað afstæðan skort. Þegar tilgangurinn með samanburðinum er að koma verr út en samanburðarhópurinn segir Austin að ástæðan sé sú að einstaklingurinn vilji ná að bæta stöðu sína. Samanburðurinn þjónar þeim tilgangi að einstaklingurinn átti sig á því að staða hans í lífinu gæti verið betri og viðkomandi notar þessa afstæðu verri stöðu til þess að semja um betri kjör. Hér er þó sett spurningamerki við þessa greiningu Wills og Austin. Miðað við þær rannsóknir sem hafa verið gerðar og þau verk sem hafa verið rituð um afstæðan skort virðist val á samanburðarhópi vera ómeðvituð ákvörðun hjá einstaklingnum. Einstaklingur ætti ekki að geta gert samanburð í ákveðnum tilgangi ef samanburðurinn á sér stað ómeðvitað.

Til þess að kanna áhrif samanburðar við aðra í kjölfar efnahagshrunsins á samkvæmt þessu vel við að skoða áhrif félagslegs samanburðar við íslensku þjóðina. Íslendingar eru fámenn og einsleit þjóð sem gerir það að verkum að þjóðarsamsömun er mikil. Atburður eins og efnahagshrunið sem skellur skyndilega á getur samkvæmt Tajfel (1978) aukið þjóðarsamsömun og styrkt Íslendinga sem samanburðarhóp.

Afstæður skortur: sjálfselskur eða bræðralags

Eins og áður segir getur félagslegur samanburður haft mikilvæg áhrif á líðan og hegðun fólks. Þó nokkuð hefur verið ritað um mismunandi áhrif ólíkra tegunda af félagslegum samanburði. Enginn hefur þó skrifað um allar þær tegundir sem Levine o.fl. (1987) nefna en þeir benda á að líklega séu áhrif og styrkur félagslegs samanburðar mismunandi eftir því hvers konar samanburður á sér stað (Levine o.fl., 1987).

Kenningin um afstæðan skort fellur undir kenningar í félagslegri-sálfræði enda geta helstu afleiðingar þess að upplifa afstæðan skort oftar en ekki verið af sálfræðilegum toga. Runciman (1966) þróaði kenninguna áfram þegar hann útskýrði hvernig afstæður skortur skiptist í *bræðralagsskort* (e.*fraternalistic*) annars vegar og *sjálfselskan skort* (e.*egoistic*) hins vegar. Þessi skipting er einföld en mjög mikilvæg þar sem afleiðingarnar geta verið mjög ólíkar eftir því um hvers konar skort ræðir. Einstaklingar sem upplifa sjálfselskan skort eru samkvæmt Runciman óánægðir með stöðu sína innan hópsins síns en þeir sem upplifa bræðralagsskort eru óánægðir með stöðu hópsins síns miðað við aðra hópa í samfélaginu. Sem dæmi um sjálfselskan skort má nefna millistjórnanda í banka sem hefur ekki enn fengið þá stöðuhækkun sem hann vonast eftir. Hann lítur til þeirra sem eru í stöðu fyrir ofan hann og telur sig eiga rétt á því sama. Hann sé með svipaða menntun og hæfileika og upplifir afstæðan skort vegna þessa ástands. Hann finnur ekki endilega til sérstakrar samkenndar með öðrum millistjórnendum eða vill bæta kjör þeirra, hann vill einfaldlega rísa upp frá því að vera millistjórnandi og komast lengra. Afleiðingar sjálfselsks skorts geta verið kvíði og stress, reiði eða biturð, með öðrum orðum hefur hann áhrif á andlega líðan einstaklinga þar sem þeir upplifa mikið óréttlæti yfir stöðu sinni (Runciman, 1966).

Dæmi um bræðralagsskort væri til dæmis ef kona vinnur hjá stóru fyrirtæki og hún telur sig taka eftir því að karlmönnum er eilíflega gert hærra undir höfði í fyrirtækinu en konum. Konur sem eru með sömu menntun og ekki síður hæfar til starfa en karlarnir hjá sama fyrirtæki eiga erfiðara með að fá stöðuhækkun og eru almennt með lægri laun en karlarnir. Þessi kona upplifir ástandið sem svo að vera sé að brjóta á rétti hópsins sem hún telur sig

tilheyra, þ.e. kvenna, hún sækist ekki sérstaklega eftir því að rísa upp frá þessum hópi og fá sömu meðferð og karlarnir heldur vill hún aukin réttindi fyrir allan hópinn. Þetta er sú tegund af skorti sem getur leitt af sér stórar breytingar í formgerð samfélagsins. Einstaklingar eða hópar sem upplifa þessa tegund af afstæðum skorti fá oft útrás fyrir reiði sína og biturð með uppþotum eða óeirðum sem hafa oft á tíðum leitt til stórra samfélagslegra breytinga (Runciman, 1966; Taylor, 2002; Tyler og Lind, 2002).

Í þessari ritgerð verða áhrif sjálfselsk skorts skoðuð og lögð áhersla á þrjár ólíkar afleiðingar þess að upplifa afstæðan sjálfselskan skort. Upplifun á huglægu óréttlæti, reiði og siðrofi. Allt eru þetta samkvæmt kenningunni algengar afleiðingar neikvæðs félagslegs samanburðar en hafa þó mismikið verið skoðaðar af rannsakendum.

Reiði og óréttlæti

Hver svo sem samanburðarhópurinn er og hvort sem skorturinn er af sjálfselskum eða bræðralags toga þá upplifir fólk afstæðan skort þegar það hefur ekki eitthvað sem það telur sig eiga rétt á að hafa. Ef einstaklingur telur sig ekki eiga rétt á að vera í betri stöðu en hann er í þá mun hann ekki upplifa afstæðan skort hver svo sem staða eða lífskjör hans eru. Mikilvæg afleiðing þess að upplifa afstæðan skort er óréttlætistilfinningin sem kemur í kjölfarið. Það að upplifa stöðu sína og jafnvel samfélagið í heild sinni sem óréttlátt getur orsakað reiði og gremju (Ellemers, 2002).

Huglægt óréttlæti og gremja eru tilfinningar sem hafa verið tengdar bæði afstæðum sjálfselskum skorti sem og bræðralagsskorti. Fræðimenn halda því fram að fólk muni finna fyrir óréttlæti þegar það telur brotið á réttindum sínum og að þessi tilfinning magnist eftir því sem upplifunin á afstæðum skorti í kjölfarið verður sterkari. Þessi óréttlætistilfinning getur svo brotist út sem gremja og reiði (Crosby, 1976; Folger, 1984; Reiss, 1987; Runciman, 1966; Tyler og Smith, 1997).

Tyler o.fl. (1997) hafa skrifað um áhrif upplifunar á afstæðum skorti en þeir ganga skrefinu lengra en flestir og beinlínis skilgreina afstæðan skort sem upplifun á reiði og gremju. Þeir segja huglægt óréttlæti nátengt reiðitilfinningunni, og að hegðun fólks ráðist að miklu leyti af því hvort það upplifir réttlæti eða óréttlæti. Réttlætistilfinning leiðir af sér jákvæða hegðun samkvæmt þeim á meðan tilfinning fyrir óréttlæti getur leitt af sér neikvæða hegðun svo sem skemmdarverk eða þjófnað eða orðið hvati fyrir uppþotum og mótmælum eins og áður var nefnt.

Áhrif upplifunar á afstæðum skorti á reiði gæti einnig komið til vegna þess að einstaklingar hafa ekki aðgang að þeim markmiðum sem þeir vilja ná og telja sig ættu að geta náð. Í kenningu sinni um *álag* (e. *strain*) heldur Merton (1968) því fram að frávikshegðun sé fyrst og fremst afleiðing ákveðinnar *félagsgerðar* (e. *social structure*). Hann sagði samfélagið þrýsta á meðlimi þess til að ná ákveðnum markmiðum í lífinu en veita svo ekki öllum sömu bjargir til þess að ná þeim. Hann einbeitti sér að bandarísku samfélagi og sagði félagsgerðina þar vera sérstaka vegna skilaboðana sem það sendir þegnum sínum. Í fyrsta lagi setur menningin einstaklingnum það markmið ofar öllu að auðgast. Auk þess felur hún í sér þau skilaboð að allir hafi jafna möguleika á að ná þessum *markmiðum* (e. *goals*). Í öðru lagi eru skilaboðin sú að einstaklingur þurfi einungis að vera duglegur að vinna að settum markmiðum og ef þau nást ekki þá þýðir það einfaldlega að viðkomandi þarf að vinna meira og vera þolinmóður. Fólk getur þó ekki unnið að þessum markmiðum með hvaða hætti sem er heldur eru ákveðnar *leiðir* (e. *means*) samþykktar af samfélaginu, til dæmis að verða sér út um góða menntun og byggja upp starfsframa (Farnworth og Leiber, 1989; Merton, 1968).

Vandamálið sem Merton bendir á er að ekki hafa allir jöfn tækifæri til góðrar menntunar í Bandaríkjunum né til þess að ná í góða vinnu. Á meðan fólk stendur ekki jafnfætis hvað leiðirnar að markmiðinu varðar þá mun óneitanlega skapast álag á einstaklinginn sem hann verður einhvernvegin að leysa úr. Merton taldi það því vera vöntun á samþættingu á því sem menningin kallar eftir og félagsgerðin leyfir sem elur af sér frávikshegðun (Merton, 1968). Í þannig samfélagi er meiri hætta á að fólk fari að bera sig saman við einstaklinga eða hópa sem eru betur staddir en það sjálft. Þegar þau hafa síðan ekki leiðirnar til þess að ná sömu markmiðum skapast álag sem mjög oft leiðir til þess að einstaklingarnir upplifa reiði. Að sama skapi getur trú fólks á jöfn tækifæri aukið væntingar þeirra. Óhagstæður samanburður við væntingar um framtíðina getur þá leitt til reiði þegar einstaklingurinn hefur engar leiðir til að uppfylla væntingarnar. Þetta rímar við það sem Runciman (1966) segir um einstaklinga sem hafa enga ástæðu til þess að vonast eftir eða búast við einhverju meiru eða betra en þeir hafa nú þegar. Samkvæmt Runciman ættu þeir síður að vera óánægðir með það sem þeir hafa þrátt fyrir að búa til dæmis við mikla fátækt.

Að sama skapi bendir Reis (1987) á að einstaklingum sé kennt að þeir hafi rétt á að öðlast ákveðna hluti. Þegar fólk telur brotið á þessum rétti lítur það á samfélagið og stöðu þess í því sem ósanngjarna og getur fyllst gremju og reiði. Einstaklingum er kennt

frá fæðingu að ef þeir spila eftir reglunum og haga sér eftir þeim takmörkunum sem þeim eru sett með hugtökum eins og réttindi og sanngirni þá muni það að lokum skila sér í því að þeir nái framtíðar markmiðum sínum. Með þessu telja þeir sig einnig hafa ákveðna stjórn á því hvað þeir eru að fá út úr lífinu, að þeir séu ekki algjörlega háð utanaðkomandi öflum. Þegar þessi stjórn á aðstæðum er tekin frá einstaklingunum, þ.e. þegar eitthvað sem þeir eiga ekki sök á veldur því að þeir fá ekki það sem þeir telja sig eiga rétt á, eru líkur á því að þeir upplifi samfélagið sem ósanngjarnt (Reis, 1987).

Í kjölfar atburða eins og efnahagshrunsins sem varð hér á landi eru því líkur á að tíðni og styrkur afstæðs skorts aukist. Einstaklingar sem telja lífkjör sína hafa versnað í kjölfar hrunsins eru líklegir til að upplifa afstæðan skort þar sem staða þeirra í dag kemur í kjölfar hrunsins atburðar sem þeir höfðu enga stjórn á og fengu engu um ráðið.

Siðrof

Vera má að upplifun á afstæðum skorti geti leitt til siðrofs þar sem fólk missir tengslin við gildi og hegðunarviðmið samfélagsins (Jón Gunnar Bernburg ofl. 2009). Afstæður skortur getur orðið til þess að fólki finnist sem öll viðmið og gildi eða norm samfélagsins hafi tapað merkingu sinni. Upplifun á siðrofi getur átt sér stað þegar einstaklingurinn telur að reglur eða viðmið um sanngirni og réttlæti hafi verið brotin. Neikvæður samanburður getur leitt til afstæðs skorts og haft í för með sér gremjutilfinningu og reiði vegna þess að viðmið um réttlæti hafa verið brotin. Efnahagshrun getur aukið á þessar tilfinningar þar sem það grefur skyndilega undan stöðugleika í þjóðfélaginu.

Siðrof hefur verið mjög mikilvægt hugtak í félagsvísindum allt síðan Durkheim (2002 [1897]) setti það fyrst fram í rannsókn sinni á sjálfsvígum. Þrátt fyrir miklar vinsældir siðrofs hugtaksins þá er skilgreiningin á siðrofi mjög torskilin og virðist fara nokkuð eftir fræðimanninum hverju sinni. Durkheim notar hugtakið en skilgreinir það ekki sjálfur. Aðrir kennismiðir draga ályktanir um hvernig Durkheim skilgreindi siðrof og eru þeir flestir nokkurn vegin sammála (Zhao og Cao, 2010). Merton endurskoðaði hvernig Durkheim notar hugtakið og setti siðrof í samhengi við frávikshegðun. Hugtakið er frekar vítt en allsstaðar lýsir það á einhvern hátt tilfinningu vanmættis (*e. powerlessness*), firringu og ringulreiðar hvað varðar reglur samfélagsins (Zhao o.fl, 2010).

Seeman (1959) sagði siðrof hafa verið notað á fimm mismunandi vegu, það er, sem mæling á vanmætti (e.*powerlessness*), skorti á hegðunarviðmiðum (e.*normlessness*),

tilgangsleysi (e.*meaninglessness*), einangrun (e.*isolation*) og sjálf- kali (e.*self-estrangement*). Á heildina litið á siðrof við þegar einstaklingar upplifa samfélagið í upplausn og að erfitt sé að vita hvaða reglum skuli fylgja. Í þessari rannsókn verður stuðst við skilgreiningu Þórodds Bjarnasonar (1998) á siðrofi en hann segir mikilvægt að aðskilja tvær víddir siðrofs; Annars vegar þegar einstaklingar upplifa ekki stöðugleika í þjóðfélaginu (e. *exteriority*) og hins vegar þegar hollusta við norm (e. *constraint*) hverfur. Huglægur stöðugleiki snýr að því hvernig fólk upplifir samfélagið sitt. Huglægur stöðugleiki á við þegar að fólk upplifir félagsheiminn sinn sem hlutlægan og fyrirsjáanlegan. Samfélagið er stöðugt umhverfi og útreiknanlegt þar sem einstaklingar geta auðveldlega skipulagt líf sitt. Ein tegund af siðrofi er þá þegar þessi stöðugleiki er ekki lengur til staðar og fólk upplifir samfélagið í upplausn þar sem erfitt sé að vita hvað muni gerast næst (Þóroddur Bjarnason, 1998; Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2005; Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998).

Hollusta við norm snýr að því í hversu miklum tengslum einstaklingarnir eru við samfélagið sitt. Hollusta við norm er mikil þegar fólk er í það miklum tengslum við samfélagið að það telur sig skuldbundið til að uppfylla væntingar og kröfur samfélagsins. Það virðir reglurnar og fer eftir þeim. Önnur tegund af siðrofi er þá þegar hollustan eru lítil, þá veldur eitthvað því að fólk missir tenglin við samfélagið að því leyti að það hættir að telja nauðsynlegt að fylgja reglum þess (Þóroddur Bjarnason, 1998; Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2005). Þrátt fyrir að huglægur stöðugleiki og hollusta við norm séu í raun tvær hliðar á siðrofi þá getur annað átt sér stað án þess að hitt geri það. Þannig getur til dæmis einstaklingur upplifað siðrof að því leytinu að honum finnist sem reglur samfélagsins séu í upplausn eða hverfandi en hann getur samt á sama tíma fundist hann skuldbundinn þessum reglum.

Fyrri rannsóknir

Kenningin um afstæðan skort hefur þróast mikið frá því hún var fyrst sett fram árið 1949 af félagfræðingnum Stouffer o.fl. (1949) Hún hefur verið endurbætt af fjölda fræðimanna (Crosby, 1976, 1980; Davis, 1959; Gurr, 1970; Runciman, 1966) og sameinuð öðrum kenningum eins og kenningunni um félagslega samsömun (Ellemers, 2002; Walker og Pettigrew, 1984). Í dag er kenningunni beitt á mörgum sviðum félagsvísinda meðal annars í tilraunum félagslegrar sálfræði (Crosby, 1980; Hyman, 1942; Testa og Major, 1990), til að skýra frávikshegðun (Agnew 1999; Jón Gunnar Bernburg ofl., 2009; Merton, 1968; Merton o.fl., 1968) og í rannsóknum á upplifun almennings á huglægu réttlæti (Runciman, 1966; Tyler og Smith, 1997).

Samkvæmt kenningunni um afstæðan skort getur neikvæður félagslegur samanburður haft slæmar afleiðingar í för með sér burt séð frá því hvort viðkomandi býr við hlutlægan skort eða ekki. Þessi neikvæði samanburður verður til þess að einstaklingar finna til öfundar, fyllast reiði og missa jafnvel tengslin við viðmið og gildi samfélagsins. Þeir fara að líta á stöðu sína sem óréttláta og þessar neikvæðu tilfinningar geta svo jafnvel leitt þá út í einhvers konar óknyttahegðun. Einstaklingurinn upplifir reiði og óréttlæti þar sem honum finnst hann ekki vera að fá eitthvað sem hann telur sig eiga rétt á. Upplifun á afstæðum skorti getur því orsakað reiði þar sem fólk lítur svo á aðrir séu að fá eitthvað sem þau eiga sjálf rétt á en fá ekki (Agnew, 1999; Blau og Blau, 1982; Jón Gunnar Bernburg ofl, 2009; Merton, 1968; Merton o.fl., 1968).

Eftir að Stouffer ofl. (1949) settu fram hugtakið um afstæðan skort og áhrif hans í rannsókn sinni *The American Soldier* hafa fjölmargir fræðimenn skrifað um afstæðan skort og áhrif félagslegs samanburðar á líðan (heimild). Einhverjar tilraunir hafa verið gerðar á áhrifum samanburðarhópa á líðan fólks en minna hefur verið um félagsfræðilegar rannsóknir. Samkvæmt Levine o.fl. (1987) hafa bein áhrif neikvæðs samanburðar á tilfinningar svo sem reiði, upplifun á óréttlæti eða skuldbindingu við samfélagið lítið verið skoðuð þrátt fyrir að kenningin byggist á því að afstæður skortur geti haft þessar afleiðingar í för með sér. Þær rannsóknir og tilraunir sem hafa verið gerðar út frá kenningunni um afstæðan skort hafa yfirleitt lagt áherslu á að skoða annað hvort áhrif ákveðinnar tegundar af samanburðarhópum eða þá ákveðna tegund

afleiðingar sem mætti rekja til upplifunar á afstæðum skorti og þá hafa þeir helst skoðað reiði, slæma heilsu, og óknyttahegðun (Levine o.fl., 1987).

Ein viðamesta rannsóknin sem hefur verið framkvæmd á áhrifum afstæðs skorts er rannsókn þeirra Vanneman og Pettigrew (1972). Markmiðið með rannsókn þeirra var að prófa kenningu Runciman (1966) um ólíkar afleiðingar þess að upplifa bræðralagsskort eða sjálfselskan skort. Þeir lögðu fyrir tólf kannanir í fjórum borgum í Bandaríkjunum þar sem meðal annars var spurt um kosningahegðun svarenda. Hvítir svarendur voru einnig spurðir um afstæðan efnahag, nánar tiltekið hversu vel stæðir þeir töldu sig vera í samanburði við aðra hvíta Bandaríkjamenn annars vegar og svarta Bandaríkjamenn hins vegar. Vanneman o.fl. tileinkuðu sér hugmyndir Runciman (1966) um áhrif þess að bera sig saman við einstaklinga sem eru verr staddir (e. *downward comparison*). Eins og áður hefur komið fram getur samanburður við fólk sem er neðar í þjóðfélagsstiganum orsakað upplifun á afstæðum skorti ef sá sem ber sig saman við þann hópinn telur það fólk búa við svipuð lífskjör og hann sjálfur. Þar sem hann telur sig vera ofar í þjóðfélagsstiganum en sá hópur sem hann er að bera sig saman við er hætta á að hann upplifi afstæðan skort telji hann sig ekki búa við betri lífskjör en samanburðarhópurinn (Runciman, 1966).

Í öllum þeim borgum sem kannanirnar voru lagðar fyrir var svartur einstaklingur að bjóða sig fram til borgarstjóra og markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort upplifun á afstæðum skorti vegna samanburðar við verr staddan hóp hefði áhrif á kosningahegðun einstaklinga. Niðurstöður þeirra studdu kenningu Runciman þar sem þær leiddu í ljós að hvítir einstaklingar sem upplifðu afstæðan skort gagnvart svertingjum voru ólíkegri til að styðja svarta frambjóðendur. Samkvæmt Vanneman o.fl voru neikvæð viðbrögð hvítra Bandaríkjamanna við framsókn svartra Bandaríkjamanna ein tegund af afstæðum skorti. Sem hópur hvítra einstaklinga báru þeir sig saman við svarta einstaklinga sem hóp og töldu sig eiga rétt á meiru en þeir. Þegar þeir töldu svarta einstaklinga vera jafn vel stadda og þeir sjálfir upplifðu þeir afstæðan skort í kjölfarið sem varð til þess að þeir studdu síður svarta frambjóðendur (Vanneman o.fl., 1972).

Á síðustu árum hafa rannsóknir á áhrifum afstæðs skorts á heilsu, sjálfmetna heilsu og líðan færst í aukana. Þær rannsóknir hafa sýnt fram á að afstæður skortur hefur neikvæð áhrif á heilsu og líðan burtséð frá hlutlægri stöðu einstaklingsins (Eibner og Gresenz., 2004; Eibner og Evans, 2005; Kondo, Kawachi, Subramanian, Takeda, Yamagata, 2008; Ladin, Daniels og Kawachi, 2010; Marmot, 2006; Pham-Kanter, 2009; Schmitt, Maes og Widaman, 2010; Subramanyam, Kawachi, Berkman og Subramanian,

2009; Wilkinson og Pickett, 2006; Yngwe, Fritzell, Burström, Lundberg, 2005). Yngwe o.fl. (2005) framkvæmdu rannsókn með gögnum frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi þar sem reyndu að greina á milli áhrifa þess að upplifa afstæðan skort í samanburði við aðra annars vegar og hlutlægan skort hins vegar á heilsu. Til þess að mæla hlutlægan skort notuðu þau heimilistekjur og reiknuðu út kaupmátt einstaklinganna. Afstæðan skort mældu þau með því að skoða hvar einstaklingurinn var staddur í tekjudreifingu lands síns. Það er að segja, hvort tekjur hans voru háar eða lágar í samanburði við aðra landsmenn. Mælikvarði þeirra á heilsu var sjálfmetin þar sem svarendur greindu frá því hvort að einhverskonar langtíma sjúkdómur háði þeim í daglegu lífi. Niðurstöður þeirra leiddu í ljós að afstæður skortur hafði marktæk áhrif á heilsu sem og hlutlægur skortur.

Margir af þeim rannsakendum sem hafa skoðað áhrif upplifunar á afstæðum skorti á heilsu telja að neikvæðar tilfinningar svo sem reiði eða þunglyndi séu þar *miðlunarbreytur* (e. *mediation effect*) fyrir áhrifunum. Það að upplifa afstæðan skort getur orðið til þess að einstaklingar upplifa neikvæðar tilfinningar svo sem reiði, gremju, kvíða og streitu. Þessar neikvæðu tilfinningar geta svo haft slæm áhrif á heilsu til dæmis þegar einstaklingar reyna að eiga við þessa vanlíðan með drykkju, reykingum eða ofáti. Þrátt fyrir að miðlunarsambandið hafi ekki verið skoðað beint í mörgum rannsóknum þá styðja niðurstöður fjölmargra rannsókna þá tilgátu að upplifun á afstæðum skorti hafi neikvæð áhrif á tilfinningar fólks sem svo orsaki slæma heilsu. Sem dæmi má nefna rannsókn Eibner og Gresenz (2004) sem komust að þeirri niðurstöðu að afstæður skortur olli helst streitutengdum heilsufarsvandamálum svo sem reykingum og offitu.

Faey Crosby og Morty Bernstein (1980) gerðu tilraun á afleiðingum neikvæðs félagslegs samanburðar á líðan. Þau notuðu teiknimyndasögur (e. vignettes) til þess að skoða hvernig huglægt mat einstaklinga á stöðu sinni samanborið við stöðu annarra hefur áhrif á líðan eins og reiði og gremju. Þátttakendur voru látnir lesa teiknimyndasögu þar sem ímyndaðar forsendur fyrir skorti voru settar fram og þeir áttu síðan að segja til um hversu mikla gremju og aðrar neikvæðar tilfinningar sögupersónurnar gætu verið að upplifa sökum stöðu sinnar. Niðurstöður tilraunarinnar bentu til þess að upplifun á afstæðum skorti sé líklegri til að eiga sér stað ef einstaklingur sem fær ekki eitthvað (X) sem hann óskar sér a) ber sig saman við aðra manneskju sem hefur X, b) finnst hann eiga rétt á að eignast X eða c) telur að það séu ekki líkur á að hann eignist X í framtíðinni. Niðurstöður tilraunarinnar bentu jafnframt

til þess að þessi áhrif eigi sér einungis stað ef einstaklingurinn telur sig ekki eiga sök á ástæðum þess að hann getur ekki eignast X (Crosby og Bernstein, 1980).

Árið 1976 skrifaði Crosby grein þar sem hún setti fram líkan af áhrifum þess að upplifa afstæðan skort. Hún byggir líkanið á greiningu fjölmargra rannsókna sem áður höfðu verið gerðar á áhrifum afstæðs skorts. Samkvæmt líkani Crosby munu tilfinningar eins og gremja vera afleiðing þess að einstaklingur fær ekki eitthvað sem hann telur sig eiga skilið eða rétt á að fá. Afleiðingar þess að upplifa slíka gremju auka líkurnar á því að einstaklingar fari að upplifa reiði og verði jafnvel árásarhneigðir. Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir á áhrifum þess að upplifa afstæðan skort. Þær hafa sýnt fram á að reiði er eitt helsta viðbragð fólks við óréttlæti og jafnframt að upplifun á óréttlæti er ein helsta ástæða reiði (Crosby, 1976; Runciman, 1966; Tyler og Smith, 1997). Það að upplifa samfélagið eða stöðu sína í því sem óréttláta getur grafið undan skuldbindingum einstaklinga við viðmið og gildi samfélagsins. (Þóroddur Bjarnason, 1998; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2005; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998).

Crosby byggir á skrifum Runciman við rannsóknir sínar en niðurstöður tilrauna hennar og greiningar eru mjög áhugaverð viðbót við fræðin. Samkvæmt Crosby getur neikvæður félagslegur samanburður leitt til siðrofs, upplifunar á óréttlæti og reiði rétt eins og Runciman hélt fram, en einungis þegar að einstaklingurinn telur að ástæða þess að hann hafi ekki fengið það sem hann vill séu honum sjálfum óháð. Það er að segja, fólk upplifir afstæðan skort einungis þegar það telur að eitthvað þeim óviðkomandi orsaki skortinn (Crosby, 1976; Crosby og Bernstein, 1980). Samkvæmt þessu er áhugavert að skoða áhrif þess að upplifa afstæðan skort í kjölfar efnahagshruns eins og átti sér stað hér á landi. Hrunið var atburður sem hafði víðtækar afleiðingar fyrir Íslendinga en þeir gátu ekki komið í veg fyrir það eða haft nokkra stjórn á afleiðingum þess. Samkvæmt Crosby er því mjög líklegt að neikvæður félagslegur samanburður í kjölfar hrunsins hafi slæm áhrif á líðan fólks þar sem það telur sig ekki hafa orsakað skortinn.

Tilraun sem var framkvæmd af Testa og Major (1990) leiddi svipaða niðurstöðu í ljós. Sextíu og fjórir sálfræðinemar tóku þátt í tilrauninni og var þeim sagt að markmiðið með henni væri að skoða hversu vel nemendur stæðu sig í því að leysa ýmis verkefni eins og að skrifa stutta ritgerð. Í lok hvers verkefnis var helming þeirra sagt að þeim hefði gengið vel að leysa verkefnið en hinum helmingnum sagt að þeim hafi ekki gengið nægilega vel. Þeim var jafnframt sagt hvernig þeim gekk í samanburði við aðra. Það sem er sérstaklega áhugavert við þessa tilraun er að þegar búið var að gefa fólki

einkunn og næsta verkefni átti að hefjast var fólkinu gefið til kynna hvort það ætti að geta bætt sig í næsta verkefni eða ekki. Það er að segja, hvort verkefnið væri þess eðlis að þeim ætti að geta gengið betur en í því fyrra. Niðurstöður tilraunarinnar voru á þá leið að þeir einstaklingar sem töldu sig hafa litla stjórn á útkomum sínum og báru sig jafnframt saman við þá sem gekk betur en þeir, það er að segja, þeir sem töldu sig ekki geta bætt sig í næsta verkefni og var sagt að aðrir hefðu staðið sig betur (e. upward comparison), voru líklegri til að finna fyrir gremju og jafnvel sýna af sér fjandskap. Þeir sem töldu sig hafa stjórn á aðstæðunum að því leytinu að þeir gætu bætt sig í næsta verkefni og báru sig saman við fólk sem gekk svipað vel og þeim eða verr sýndu ekki af sér neina reiði eða gremju burt séð frá því hvernig þeim gekk.

Önnur áhugaverð rannsókn á áhrifum afstæðs skorts á líðan og heilsu er rannsókn þeirra Daly, Wilson og Johnson (2008) en þeir könnuðu áhrif afstæðs skorts á sjálfsvígshegðun. Þeir skoðuðu upplýsingar um fólk sem framið hafði sjálfsvíg og báru saman tekjur þeirra og meðaltekjur mögulegra samanburðarhópa. Þeir notuðu tvennskonar samanburðarhópa, annars vegar fólk sem bjó í sömu sýslu og einstaklingurinn og hins vegar fólk sem bjó í sömu sýslu og deildi að minnsta kosti einni lýðbreytu með einstaklingnum (t.d. kyni, aldri eða kynþætti). Niðurstöður þeirra leiddu það í ljós að eigintekjur skiptu ekki einungis máli þegar hætta á sjálfsvígi var metin heldur skiptu tekjur samanburðarhópsins máli. Fólk sem kom illa út tekjulega í samanburði við aðra (t.d. af sama kyni í sýslunni þeirra) var líklegra til að fremja sjálfsvíg.

Eins og áður segir getur reiðitilfinningin sem orsakast af upplifun á afstæðum skorti komið til þar sem einstaklingurinn telur sig vanta eitthvað sem aðrir geti fengið. Reiðin og gremjan sem einstaklingar upplifa getur orðið til þess að þeir leiðast út í óknyttahegðun. Samkvæmt Merton (1968) koma áhrif afstæðs skorts á reiði og normleysi til vegna álags sem orsakast af takmörkuðu aðgengi að félagslega samþykktum markmiðum og leiðum til þess að ná þeim. Þegar einstaklingar telja sig ekki geta fengið það sem þeir eiga skilið með félagslega samþykktum leiðum er hætta á að þeir fari ólöglegar leiðir að markmiðum sínum. Neikvæður félagslegur samanburður verður þannig til þess að þeir hafna samþykktum reglum samfélagsins. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar sem styðja álagskenninguna (Agnew og White, 1992: Agnew, 2001, 2006; Froggio og Agnew, 2007).

Agnew (1985, 1992) endurbætti álagskenningu Mertons en samkvæmt honum er einstaklingnum þrýst út í óknyttahegðun af neikvæðu tilfinningaástandi, sérstaklega

reiði og svipuðum tilfinningum. Álagið sem skapast við að geta ekki náð þeim markmiðum sem einstaklingurinn sækist eftir verða til þess að hann upplifir reiði og gremju sem getur leitt til þess að hann leiti ólöglegra leiða til að ná markmiðum sínum(Agnew, 1985, 1992).

Stiles, Liu og Kaplan (2000) könnuðu áhrif afstæðs skorts á óknyttahegðun og notuðu neikvæðar tilfinningar sem miðlunarbreytu (e. *mediation effect*). Rannsókn þeirra er byggð á gögnum úr viðtalskönnun við um 7000 einstaklinga á þrítugsaldri. Rannsóknin er merkileg að tvennu leyti. Í fyrst lagi er hún er ein af fáum þar sem skoðuð eru áhrif fleirri en einnar tegundar af samanburðarhópum. Þau könnuðu samanburð við vini og nágranna en jafnframt samanburð við bandarísku þjóðina í heild sinni. Í öðru lagi skoða þau fleiri en eina mögulega útkomu þess að upplifa afstæðan skort, nefninilega ofbeldisglæpi, eignarspjöll og eiturlyfjanotkun. Niðurstöður þeirra sýndu að upplifun á afstæðum skorti eykur líkurnar á óknyttahegðun og að þetta samband miðlast að hluta til af neikvæðum tilfinningum.

Lítið hefur farið fyrir rannsóknum á áhrifum afstæðs skorts á líðan fólks hér á landi en líklega er rannsókn þeirra Jóns Gunnars Bernburg ofl. *Relative Deprivation and Adolescent Outcomes in Iceland: A Multilevel Test* (2009) sú eina sem hefur verið framkvæmd hingað til. Þau prófuðu kenninguna um afstæðan skort með gögnum um óknyttahegðun unglinga. Rannsóknin er viðamikil en markmiðið var að skoða áhrif afstæðs skorts á reiði, normleysi og frávikshegðun unglinga. Rannsóknartilgáta þeirra var sú að áhrif þess að búa við slæm kjör á líðan og óknyttahegðun væru háð lífskjörum jafnaldranna í skólahverfinu. Með öðrum orðum þá skoðuðu þau hvernig efnahag unglingarnir bjuggu við heima hjá sér og áhrif þess á líðan en athuguðu síðan hvort þessi áhrif væru skilyrt af lífskjörum jafnaldranna í skólahverfinu. Niðurstöður þeirra studdu tilgátuna þar sem áhrif slæmra kjara á reiði, normleysi og afbrotahegðun voru minni í hverfum þar sem bágur efnahagur var algengur en meiri í þeim hverfum sem bágur efnhagur fjölskyldna var sjaldgæfur.

Rannsókn þeirra Jóns Gunnars Bernburg ofl. er ekki einungis mikilvæg að því leytinu að hún er sú eina sinnar tegundar hér á landi heldur er hún ein af mjög fáum rannsóknum á afstæðum skorti sem skoðar fleiri en eina tegund mögulegra afleiðinga þess að upplifa afstæðan skort. Þar á meðal normleysi sem er sú útkoma sem hefur hvað minnst verið rannsökuð.

Takmarkanir fyrri rannsókna

Eins og áður segir hafa fáar félagsfræðilegar rannsóknir verið gerðar á áhrifum afstæðs skorts og einungis ein hér á landi. Fleiri tilraunir hafa verið gerðar á þessum áhrifum en þar sem tilraunaumhverfið er í eðli sínu tilbúningur er ytra réttmæti þeirra oft óljóst (Neuman, 2006). Upplifun á afstæðum skorti tengist eins og við höfum séð huglægu réttlæti og jöfnuði. Einstaklingar upplifa afstæðan skort í kjölfar neikvæðs félagslegs samanburðar sem verður til þess að þeir fara að líta á stöðu sína í þjófélaginu sem óréttláta. Áhrif þess að upplifa afstæðan skort eru því á *einstaklingsstiginu* (e. *micro*) sem og viðbrögðin við þessum áhrifum. Það er því mikilvægt að framkvæma rannsóknir á upplifun á afstæðum skorti með gögnum á einstaklingsstigi. Stiles ofl. (2000) hafa bent á að fyrri rannsóknir á áhrifum afstæðs skorts hafi verið gagnrýndar fyrir að nota ekki gögn á einstaklingsstiginu heldur draga ályktanir um líðan einstaklinga út frá athugunum á hópum eða makró gögnum (sjá t.d. Blau og Blau, 1982). Með öðrum orðum má tengja margar rannsóknir á þessu sviði við *vistfræðilega rökvillu* (e. *ecological fallacy*) en það er þegar *greiningareining* rannsóknarinnar (e. *unit of analysis*) og *greiningarstig* (e. *level of analysis*) hennar fara ekki saman (Stiles o.fl., 2000).

Annað vandamál við fyrri rannsóknir á afstæðum skorti er að þær hafa lítið reynt að svara hinni miðlægu spurningu: hverjir eru samanburðarhóparnir? Hvaða samanburður er það sem skiptir mestu máli? Flestar rannsóknir hafa einblínt á eina tegund af samanburði án þess að taka tillit til annarra möguleika. Sumir telja að í dag með aukinni tækni og meiri hreyfanleika fólks sé félagslegur samanburður nær takmarkalaus. Fólk er ekki lengur bundið við nærumhverfi sitt og vilja því sumir halda því fram að samanburðurinn sé orðinn almennari. Í stað þess að bera sig saman við nágrannana þá er fólk að reyna að halda í við einhverja ímynd af „Jóni og Gunnu“ sem samfélagið hefur búið til (Stiles o.fl., 2000). Að sama skapi er fólk að bera sig saman við sínar eigin væntingar um framtíðina eða stöðu í fortíðinni.

Fyrri rannsóknir á kenningunni um afstæðan skort hafa lítið gert af því að skoða fleiri en eina tegund af samanburði. Levine o.fl. (1987) bentu á að fólk er yfirleitt með um tvo til þrjá samanburðarhópa í gangi í einu. Til dæmis gæti einstaklingur borið núverandi laun sín saman við fyrri laun hjá sama hópi og við væntingar um framtíðarlaun hjá öðrum hópi. Þeir segja það því skipta máli að rannsakendur skoði hvernig þetta flókna samspil samanburðarhópa virkar því hingað til sé mjög lítið um það vitað (Levine o.fl., 1987).

Að lokum má nefna að samkvæmt kenningunni er ein helsta afleiðing afstæðs skorts sú að finna til óréttlætis vegna stöðu sinnar og jafnvel reiði eða gremju. Að sama skapi er því haldið fram að upplifun á afstæðum skorti geti haft þau áhrif að fólk hætti að finna sig skuldbundið samfélaginu, missi sjónar á viðmiðum þess og gildum eða með öðrum orðum upplifi siðrof. Þrátt fyrir þetta hafa fyrri rannsóknir lítið skoðað þessar afleiðingar upplifunar á afstæðum skorti. Fyrri rannsóknir hafa í miklum mæli einblínt á bein áhrif neikvæðs félagslegs samanburðar á óknyttahegðun, þrátt fyrir að samkvæmt kenningunni séu huglægt óréttlæti og siðrof mögulega að miðla þeim áhrifum (Jón Gunnar Bernburg ofl., 2009; Stiles ofl., 2000).

Markmið rannsóknar og rannsóknartilgátur

Í þessari ritgerð verða áhrif afstæðra lífskjarabreytinga í kjölfar kreppunnar á líðan einstaklinga skoðuð. Nánar tiltekið hvort neikvæður samanburður einstaklinga við stöðu sína fyrir kreppu hafi áhrif á líðan burt séð frá hlutlægri stöðu. Samkvæmt Crosby (1976) og Testa og Major (1990) eru krepputímar kjöraðstæður til að skoða upplifun á afstæðum skorti enda sýndu niðurstöður þeirra að fólk upplifir helst afstæðan skort ef hann er tilkominn vegna einhvers sem einstaklingurinn ræður ekki sjálfur við. Fyrsta tilgátan er sú að þeir sem telja lífskjör sín verri í dag en fyrir kreppu séu líklegri til þess að upplifa reiði, óréttlæti og siðrof að teknu tilliti til hlutægrar stöðu.

Lítið hefur verið skoðað áður hvort samvirkni sé á milli mismunandi félagslegs samanburðar. Samkvæmt kenningunni um afstæðan skort berum við okkur saman við þá hópa sem við teljum okkur eiga eitthvað sameiginlegt með. Þegar Íslendingar meta stöðu sína eftir kreppu miðað við hvernig hún var fyrir kreppu er ekki ólíklegt að þeir geri það í samanburði við aðra Íslendinga. Allir Íslendingar lentu í kreppunni og því er ekki ólíklegt að allir Íslendingar séu samanburðarhópur varðandi versnandi lífskjör í kjölfar kreppu. Við teljum því að áhrif versnandi lífskjara eftir kreppu á líðan geti verið háð því hvernig einstaklingurinn telur sig koma út í samanburði við aðra Íslendinga. Önnur tilgátan okkar er því sú að þeir sem telja lífskjör sín hafa versnað síðan fyrir kreppu séu líklegri til þess að upplifa áður nefndar neikvæðar tilfinningar ef þeir telja sig hafa komið verr út úr kreppunni en aðrir Íslendingar.

Ourwerkerk, Ellemers, Smith og Van Knippenberg (2000) leggja áherslu á að einstaklingar beri sig saman við sjálfan sig yfir tíma. Fólk getur samkvæmt kenningunni upplifað afstæðan skort þegar það ber stöðu sína í dag saman við hvernig hún var í fortíðinni eða við væntingar um stöðu í framtíðinni. Það mætti gera ráð fyrir því að áhrif samanburðar við fortíðina skilyrðist á einhvern hátt af væntingum um framtíðina. Þeir einstaklingar sem sjá framtíðina í björtu ljósu þrátt fyrir núverandi stöðu kunna að líða síður illa yfir því að lífskjör þeirra hafi versnað frá því sem áður var. Tilgáta þrjú er sú að þeir sem telji lífskjör sín hafa versnað síðan fyrir kreppu séu líklegri til þess að upplifa áður nefndar neikvæðar tilfinningar ef væntingar þeirra um stöðu sína í framtíðinni eru slæmar.

Fjórða tilgátan er sú að þessi mynstur haldist fyrir mismunandi útkomur. Hér verður eins og áður segir skoðuð áhrif huglægra lífskjara eftir kreppu á reiði, huglægt óréttlæti og siðrof, nánar tiltekið upplifun á upplausn í þjóðfélaginu og óhollustu við norm.

Fimmta tilgátan er sú að þessi mynstur haldist þegar tekið er tillit til hlutlægs skorts. Öll samböndin verða skoðuð með tilliti til hlutlægrar stöðu einstaklingsins til þess að ganga úr skugga um að verið sé að prófa afstæðan skort burt séð frá hlutlægum skorti.

Aðferðir og gögn

Rannsóknin byggir á viðtalskönnun sem lögð var fyrir líkindaúrtak fullorðinna Íslendinga (18 ára og eldri) á tímabilinu frá nóvember 2009 til maí 2010 (Jón Gunnar Bernburg, Sigrún Ólafsdóttir og Berglind Hólm Ragnarsdóttir, handrit í vinnslu). Um er að ræða heimsóknarkönnun (e. *face-to-face survey*), sem þýðir að þjálfaðir spyrlar heimsóttu þátttakendur og tóku við þá stöðluð viðtöl sem yfirleitt vörðu í um 40 til 60 mínútur. Úrtakið var valið með tilviljunarúrtaki á höfuðborgarsvæði en með *klasaaðferð* (e. *cluster sampling*) utan höfuðborgarsvæðis. Aðferðin var sú að 12 klasar voru valdir sem fulltrúar fyrir svæði utan höfuðborgarsvæðisins og síðan var valið með tilviljunaraðferð úr hverjum klasa. Þess var gætt að skipting milli höfuðborgarsvæðisins og annarra svæða væri hlutfallslega rétt miðað við fjölda í þýði og ekki þarf því að vega útreikninga eða niðurstöður til þess að áætla stika. Klasaaðferðin var notuð utan Höfuðborgarsvæðis í þeim tilgangi að lágmarka ferðakostnað spyrla, en slíkt er iðulega gert í heimsóknakönnunum.

Stærð upphaflega úrtaksins var 1700 einstaklingar. Allir einstaklingar sem ekki bjuggu á einkaheimili voru síðar fjarlægðir úr úrtakinu en einstaklingar sem búa á stofnunum teljast ekki hluti af þýðinu í þessari rannsókn. Þegar teknir eru frá einstaklingar sem búa á stofnunum, eru brottfluttir og dánir og erlent fólk sem ekki talar íslensku er stærð endanlegs úrtaks um 1500 einstaklingar. Fjöldi svarenda er 796 sem þýðir að svarhlutfallið í könnuninni er um 53%. Eins og iðulega gerist í úrtakskönnunum er hlutfallslegur fjölda kvenna ívið stærri en karla, um 52% svarenda eru konur, þótt hlutfallslegur fjöldi kvenna af heildarmannfjölda 18 ára og eldri á Íslandi sé um 50%.

Mikilvægt er að taka það fram að viðtölum er ekki endanlega lokið þegar þessi ritgerð er skrifuð. Ætlunin er að halda áfram gagnasöfnun þangað til náð hefur verið í að minnsta kosti 900 svarendur alls. Af þessum sökum ber að líta á greininguna hér á eftir sem forvinnslu. Niðurstöður verða birtar formlega aðeins þegar endanlegt gagnasafn liggur fyrir.

Loks ber að geta þess að könnunin er unnin að hluta til í samstarfi við Alþjóðlegu viðhorfakönnuna (International Social Survey Programme – ISSP).[3] ISSP hefur verið

[3] Viðtalsgögnunum var safnað fyrir styrk frá Rannsóknarmiðstöð Íslands til Jóns Gunnars Bernburg (Háskóla Íslands) og Sigrúnar Ólafsdóttur (Boston University).

lagt fyrir árlega síðan á áttunda áratugnum og taka um 45 lönd þátt í könnuninni í dag. Ísland er þátttakandi í þessu verkefni nú í fyrsta sinn árið 2009, en það þýðir að hluti af spurningalistanum er staðlaður ISSP spurningalisti en síðan bættu íslensku rannsakendurnir við fjölda af spurningum er snúa að félagslegum samanburði og áhrifum kreppunar á Íslandi. Í þessari ritgerð er einvörðungu unnið með spurningar sem ekki teljast til ISSP spurningalistans. Aftur á móti uppfyllir aðferðin sem notuð var við gagnaöflun og úrtak á Íslandi gæðakröfur ISSP verkefnisins, enda er það eitt af meginskilyrðum fyrir þátttöku í verkefninu.

Mælingar

Huglægur samanburður. Samkvæmt kenningunni um afstæðan skort þarf fólk ekki að raunverulega vanta neitt til þess að vera óánægt með stöðu sína heldur fer ánægja þeirra eftir því við hvern eða hvað þau bera sig saman. Samkvæmt kenningunni getur þessi huglægi samanburður verið við aðra einstaklinga sem viðkomandi á eitthvað sameiginlegt með, við þá sjálfa yfir tíma eða jafnvel við óhlutbundnar hugmyndir, til dæmis um hvað eru "eðlileg" eða "venjuleg" lífskjör. Í þessari rannsókn mælum við huglægan samanburð á þrjá mismunandi vegu. Í fyrsta lagi mælum við huglægan samanburð við lífskjörin eins og þau voru fyrir kreppu (aftur í tímann). Í þessum tilgangi var notuð spurning sem hljóðar svo: "Í samanburði við lífskjör þín eins og þau voru áður en kreppan skall á haustið 2008, hvernig eru lífskjör þín í dag?" Svarmöguleikar voru á bilinu "1" (miklu betri nú en þau voru fyrir kreppu) til "7" (miklu verri nú en þau voru fyrir kreppu). Boðið var upp á miðjumöguleikann "4" (um það bil þau sömu og þau voru fyrir kreppu).

Í öðru lagi mælum við samanburð við náungann með því að skoða hvort svarandi telur kreppuna hafa haft góð eða slæm áhrif á fjárhag sinn samanborið við aðra Íslendinga. Samkvæmt kenningunni þarf mikilvægasti samanburðarhópurinn okkar að uppfylla að minnsta kosti tvö skilyrði. Í fyrsta lagi þurfum við að eiga eitthvað sameiginlegt með hópnum þannig að við getum samsamað okkur við hann. Í öðru lagi þurfa upplýsingar um hópinn að vera aðgengilegar, það er að segja, við þurfum að telja okkur vita hver staða hópsins eða einstaklingsins er til þess að geta borið stöðu okkar saman við stöðu hans. Þar sem hér er verið að skoða áhrif félagslegs samanburðar í kjölfar kreppunnar liggur beinast við að skoða samanburð við aðra Íslendinga. Allir Íslendingar lentu í kreppunni og eins og við höfum séð hér að ofan hefur þjóðarsamsömun löngum verið sterk hér á landi þar sem tilfinningin er sú að allir séu á sama báti (Hulda Þórisdóttir, 2010). Íslendingar bera því mögulega áhrif

kreppunnar á sjálfa sig saman við þau áhrif sem þeir telja kreppuna hafa haft á aðra Íslendinga. Eftirfarandi spurning var notuð í þessum tilgangi: "Margt fólk á Íslandi hefur lent í fjárhagsvanda vegna kreppunnar. Hvaða áhrif telur þú að kreppan hafi haft á fjárhag þinn samanborið við aðra Íslendinga?" Svarmöguleikar voru á bilinu "–5" (Miklu verri áhrif) til +5 (Miklu betri áhrif). Boðið var upp á miðjumöguleikann "0" (um það bil þau sömu).

Loks mælum við huglægan samanburð fram í tímann, nánar tiltekið mælum við þær væntingar sem svarandi hefur um stöðu sína og lífskjör í náinni framtíð. Í þessu skyni notum við tvær spurningar: 1) "Telur þú að lífskjör þín muni á næstu misserum . . ." og "Telur þú að staða þín í þjóðfélaginu muni á næstu misserum . . ." Svarmöguleikar við báðum spurningum voru á bilinu "1" (Versna nokkuð mikið) til "5" (Batna nokkuð mikið). Boðið var upp á miðjumöguleikann "3" (Standa í stað). Meðalgildi svaranda á spurningunum tveim var notað til þess að búa til vísi (index) sem mælir væntingar um stöðu/lífskjör. Vísirinn nær þannig frá "1" (neikvæðar væntingar) til "5" (jákvæðar væntingar). Fylgnin á milli spurningana tveggja er r =0,554.

Eins og komið hefur fram fela tilgátur í sér *samvirkni* (interaction effect) á milli þessara þriggja mælinga. Af þessum sökum eru mælingarnar þrjár á huglægum samanburði miðjaðar (centered) fyrir aðhvarfsgreininguna hér á eftir, en það þýðir að svargildi hvers einstaklings er dregið frá meðalsvargildi í gagnasafninu. Nánar er fjallað um þetta ferli í niðurstöðukafla.

Upplifun og líðan. Fjórar háðar breytur verða notaðar í greiningunni hér á eftir: *Huglægt óréttlæti, reiði, stöðugleiki í þjóðfélaginu og hollusta við norm*. Huglægt óréttlæti er mælt með því að búa til vísi úr tveimur spurningum: 1) "Verður þú einhverntíma reið(ur) eða pirruð/pirraður vegna stöðu þinnar í þjóðfélaginu?" Svarmöguleikar voru á bilinu "1" (Nei, aldrei) til "5" (já, oft). 2) "Þegar á heildina er litið finnst þér réttlátt eða óréttlátt hvernig stöðu þú hefur núna í þjóðfélaginu?" Svarmöguleikar voru á bilinu "1" (Mjög réttlátt) til "5" (Mjög óréttlátt). Svargildum beggja spurninga var breytt í z-stig áður og meðalgildi svaranda á spurningunum tveimur notað til þess að búa til vísi sem mælir huglægt óréttlæti. Fylgnin á milli spurninganna tveggja er r =0,458.

> Reiði er mæld með vísi sem gerður er úr meðalsvargildi úr fimm spurningum (sjá Derogatis, Lipman og Covi, 1973). "Nú vil ég vinsamlegast biðja þig um hugsa um hversu oft þú varðst var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku?" 1) "Það var auðvelt að pirra þig eða ergja?" 2) "Þú fékkst reiðiköst sem þú gast ekki stjórnað" 3) "Þig langaði að brjóta eða mölva hluti" 4) "Þú lentir í rifrildi"

5) “Þú öskraðir eða hentir hlutum.” Svargildi voru á bilinu “1” (aldrei) til “5” (mjög oft). Crohnback’s alpha fyrir mælinguna er 0,649.

Vísir fyrir huglægan stöðugleika í þjóðfélaginu er gerður með því að finna meðalsvargildi við tveimur spurningum: 1) “Allt er svo óákveðið þessa dagana og því er eins og allt geti gerst.” 2) “Allt er í svo mikilli óreiðu og því erfitt fyrir fólk að vita hvar það stendur frá degi til dags.” Svargildi voru á bilinu “1” (mjög sammála) til “5” (mjög ósammála). Þessar spurningar hafa verið notaðar áður í íslenskum rannsóknum og virðast hafa gott hugsmíðarréttmæti (Þóroddur Bjarnason o.fl. 2004; Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason 1998).

Hollusta við norm er mæld með meðalsvargildi úr fjórum fullyrðingum: 1) “Flestar reglurnar má brjóta ef manni finnst þær ekki eiga við.” 2) “Stundum verður maður að brjóta reglur til að ná árangri.” 3) “Ef fólk vill græða peninga getur það ekki alltaf komið heiðarlega fram.” 4) “Það er í lagi að fara á svig við lögin stöku sinnum og gera það sem mann langar til.” Svarmöguleikar voru á bilinu “1” “mjög sammála” til “5” (mjög ósammála). Crohnback’s alpha =0,717. Þessar spurningar hafa verið notaðar áður í íslenskum rannsóknum og virðast hafa gott hugsmíðarréttmæti (Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2009; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2004).

Lýðbreytur. Til þess að skoða áhrif afstæðs skorts á upplifun einstaklinga af stöðu sinni og lífskjörum er mikilvægt að stjórna fyrir hlutlægri stöðu þeirra. Í fyrsta lagi stjórnum við fyrir miðlægum lýðbreytum: *Kyn* er tvíkostabreyta þar sem konur fá gildið einn en karlar núll. *Aldur* er mældur í árum en jafnframt er aldur settur í annað veldi til þess að hægt sé að skoða hvort um sveiglínusamband gæti verið að ræða. *Hjúskaparstaða* er tvíkostabreyta þar sem þeir sem eru giftir eða í sambúð fá gildið einn en aðrir fá gildið núll. Til þess að mæla tilvist barna á heimili voru gerðar tvær tvíkostabreytur, ein fyrir þá sem eiga eitt barn á heimili og önnur fyrir þá sem eiga tvö börn eða fleiri á heimili. Einstaklingar sem ekki eiga börn á heimili eru samanburðarhópurinn. Loks var gerð tvíkostabreyta fyrir *búsetu*, þar sem höfuðborgarsvæði fær gildið einn en svæði utan þess fær gildið núll.

Hlutlæg staða. Í öðru lagi stjórnum við fyrir breytum sem mæla hlutlæga stöðu einstaklingsins. Menntun er mæld með tveimur tvíkostabreytum, eina fyrir framhaldsskólapróf og aðra fyrir háskólapróf; þeir sem ekki hafa lokið framhaldsskóla eru samanburðarhópurinn. Atvinnustaða er mæld með sex tvíkostabreytum: í hlutastarfi,

nemi, atvinnulaus, heimavinnandi, eftirlaunaþegi og öryrki, og eru einstaklingar í fullu starfi samanburðarhópurinn. Tekjur eru mældar með því að spyrja svaranda bæði um heimilistekjur og persónulegar tekjur. Svarendur voru í báðum tilfellum spurðir um heildartekjur fyrir skatt og beðnir um að staðsetja sig á 12 flokka kvarða. Í greiningunni er unnið með þessar upplýsingar með því að búa til tíundir úr þessum kvörðum, það er svarendum er skipt í tíu álíka stóra tekjuflokka. Bæði heimilis- og einstaklingstekjur eru því mældar í tíundum hér á eftir.

Að lokum voru svarendur spurðir um skulda- og eignastöðu sína. Þessar upplýsingar eru notaðar hér til þess að búa til þrjár tvíkostabreytur, 1) einstaklingur hefur aðeins húsnæðisskuldir, 2) einstaklingur hefur aðeins aðrar skuldir en húsnæðisskuldir og 3) einstaklingur hefur bæði húsnæðis- og aðrar skuldir. Samanburðarhópurinn er þá sá hópur sem hvorki hefur húsnæðis- né aðrar skuldir. Líklega sökum þess hver erfitt er fyrir svarendur að svara spurningum um eignir og skuldir var mikið um brottfallsgildi á þessum spurningum. Þær eru því ekki hafðar með í megin niðurstöðum hér á eftir, en þó verður skoðað hvort helstu niðurstöður haldi þegar stjórnað er fyrir skuldastöðu.

Úrvinnsla gagna

Öll úrvinnsla gagna fór fram í SPSS forritinu. Notuð var línuleg aðhvarfsgreining[4] (OLS) til þess að prófa tilgáturnar. Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar má sjá í töflum tvö til til fimm í næsta kafla.

[4] Til þess að aðhvarfsjafnan sé BLUE (Best linear unbiased estimate) þ.e.a.s. að stikamötin séu óbjöguð þurfa forsendur aðhvarfsgreiningarinnar að standast. Eftir athugun er talið að þeim sé öllum fullnægt hér.

Niðurstöður

Lýsandi niðurstöður

Í töflu eitt getur að líta lýsandi niðurstöður fyrir þær mælingar sem notaðar eru í aðhvarfsjöfnunni.

Tafla 1: Lýsandi niðurstöður .

	Meðaltal	Staðalfrávik	Lámarksgildi	Hámarksgildi
Líðan og upplifun				
Reiði	1,35	0,36	1,00	3,40
Huglægt óréttæti	0,00	1,00	-1,40	2,21
Stöðugleiki í þjóðfélaginu	2,04	0,84	1,00	5,00
Hollusta við norm	3,89	0,82	1,00	5,00
Huglægur samanburður				
Breyting á lífskjörum eftir kreppu	0,00	1,10	-3,83	2,17
Áhrif kreppu samanborið við aðra	0,01	1,81	-4,55	5,45
Væntingar um lífskjör/stöðu	0,00	0,65	-1,90	2,10
Lýðbreytur				
Kyn (kona=1)	0,51	0,50	0,00	1,00
Aldur	46,53	16,54	18,00	89,00
Hjúskaparstaða (Gift/sambúð=1)	0,56	0,56	0,00	1,00
Börn á heimili				
Eitt barn	0,18	0,39	0,00	1,00
Tvö börn eða fleiri	0,26	0,44	0,00	1,00
Menntun				
Háskólamenntun	0,31	0,47	0,00	1,00
Framhaldsskólamenntun	0,37	0,48	0,00	1,00
Búseta (Höfuðborgarsvæði=1)	0,68	0,47	0,00	1,00
Hlutlæg staða				
Tekjur svaranda	5,50	2,92	1,00	10,00
Heimilistekjur	5,62	2,86	1,00	10,00
Atvinnustaða				
Í hutastarfi	0,16	0,36	0,00	1,00
Nemi	0,09	0,28	0,00	1,00
Atvinnulaus	0,03	0,18	0,00	1,00
Öryrki	0,04	0,20	0,00	1,00
Á eftirlaunum	0,12	0,32	0,00	1,00
Heimavinnandi	0,03	0,16	0,00	1,00

Skýring N=659. Búið er að fjarlægja svarendur sem hafa brottfallsgildi á að minnsta kosti einni mælingu. (Listwise deletion of missing values).

Eins og sést í töflu eitt voru mælingar á huglægum samanburði miðjaðar. Þetta er gert vegna samvirknigreiningar sem nauðsynlegt er að framkvæma í ljósi tilgátna. Jaccard, Turrisi og Wan (1990) leggja til að breytur séu miðjaðar þegar skoða á samvirkni þeirra á milli. Í aðhvarfsgreiningunni hér á eftir verða breyturnar þrjár sem mæla huglægan samanburð margfaldaðar með hvor annarri og til að einfalda túlkun eftir margföldun voru breyturnar 'Breyting á lífskjörum eftir kreppu', 'Áhrif kreppu samanborið við aðra' og 'Væntingar um lífskjör/stöðu' miðjaðar áður en þær voru margfaldaðar saman. Þegar breyta hefur verið *miðjuð* (e. *mean centered*) er núllpunktur á meðaltali. Við það að fá meðaltalið á núll breytist kvarði breytanna eins og sjá má í töflu eitt.

Til glöggvunar má sjá á myndum eitt til fimm lýsandi niðurstöður fyrir breyturnar þrjár sem mæla huglægan samanburð og þær breytur sem mæla eigna-og skuldastöðu. Á mynd eitt sjáum við lýsandi niðurstöður breytunnar 'Breyting á lífskjörum eftir kreppu' eftir að búið er að skipta henni í þrjá hópa; þá sem telja lífskör sín hafa versnað í kjölfar kreppu, þá sem telja þau standa um það bil í stað og þá sem telja lífskjör sín betri í dag en fyrir kreppu. Eins og sjá má á myndinni er meirihlutinn eða 62,7% sem telja lífskjör sín heldur/mun/miklu verri nú en fyrir kreppu en einungis 6,7% segja lífskjör sín heldur/mun/miklu betri nú en fyrir kreppu.



Mynd 1. Breyting á lífskjörum eftir kreppu, lýsandi niðurstöður.

Á mynd tvö sjáum við lýsandi niðurstöður breytunnar sem notuð var til að skoða samanburð við aðra Íslendinga. Þessari breytu var skipt upp í þrjá hópa; þá sem telja kreppuna hafa haft verri áhrif á fjárhag sinn en annarra, þá sem telja kreppuna hafa haft svipuð áhrif á fjárhag sinn og annarra og að lokum þá sem telja kreppuna hafa haft betri áhrif á fjárhag sinn en annarra Íslendinga.



Mynd 2. Áhrif kreppu í samanburði við aðra Íslendinga, lýsandi niðurstöður.

Ekki nema 17,7% svarenda telja kreppuna hafa haft verri áhrif á fjárhag sinn en annarra Íslendinga. Þetta bendir til þess að almennt séu ekki margir sem upplifa neikvæðan samanburð við aðra Íslendinga vegna kreppu, þótt flestir telji lífskjör sín hafa versnað.

‘Væntingar um stöðu/lífskjör’ er sem fyrr segir breyta samsett úr tveimur spurningum. Á myndum þrjú og fjögur sjáum við dreifingu þessara tveggja spurninga.



Mynd 3. Væntingar um lífskjör, lýsandi niðurstöður.



Mynd 4. Væntingar um stöðu, lýsandi niðurstöður.

Þegar svarendur eru spurðir að því hvort þeir telji að lífskjör sín muni á næstu misserum batna, standa í stað eða versna eru einungis 16,1% sem telja að lífkjör sín muni batna. Aftur á móti telja 37,2% að lífskjör sín muni versna en 46,7% telja að þau muni nokkurn veginn standa í stað. Þegar spurt er um stöðu eru einungis 11,2% sem telja að staða sín í þjóðfélaginu muni á næstu misserum versna.



Mynd 5. Staða á skuldum og eignum, lýsandi niðurstöður.

Að lokum sjáum við á mynd fimm dreifingu breytunnar skuldastaða. Búnar voru til þrjár tvíkostabreytur þar sem þeir einstaklingar sem ekki skulda neitt voru samanburðarhópurinn. Eins og sjá má er verulegur meirihluti sem telur sig ekki skulda neitt eða um 84,4%. Af þeim sem skulda þá eru flestir sem segjast skulda annað en húsnæði eða 9,1%.

Sem fyrr segir eru þessar breytur sökum hás brotttfallsgildis ekki hafðar með í megin niðurstöðum. Í jöfnu þrjú í töflunum hér á eftir má þó sjá aðhvarfs-greiningar_jöfnuna þar sem stjórnað er fyrir skulda -og eignastöðu til þess að kanna hvort helstu niðurstöður haldi.

Aðhvarfsgreining

Í töflum tvö til fimm koma fram niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir háðu breyturnar fjórar. Fyrst má sjá niðurstöður fyrir huglægt óréttlæti, svo reiði, huglægan stöðugleika og að lokum hollustu við norm.

Upplifun á óréttlæti. Í töflu tvö getur að líta áhrif huglægs samanburðar á upplifun á óréttlæti. Í jöfnu eitt má sjá áhrif huglægs samanburðar á óréttlæti þegar stjórnað er fyrir lýðbreytum svo sem kyni og búsetu. Breyturnar þrjár sem mæla huglægan samanburð hafa allar marktæk áhrif á upplifun á óréttlæti. Þeir einstaklingar sem telja lífskjör sín hafa versnað síðan fyrir kreppu eru marktækt líklegri til þess að líta á stöðu sína í þjóðfélaginu sem óréttláta. Að sama skapi eru þeir sem telja fjárhag sinn hafa komið illa út úr kreppunni í samanburði við aðra Íslendinga og þeir sem telja að lífskjör/staða sín eigi eftir að fara versnandi líklegri til þess að upplifa óréttlæti. Þessar niðurstöður eru í samræmi við tilgátu okkar og fyrri rannsóknir á sviðinu sem hafa sýnt að neikvæður samanburður við aðra eða sjálfan sig yfir tíma getur leitt til þess að einstaklingur upplifi meira óréttlæti (Crosby, 1976; Folger, 1984; Runciman, 1966; Tyler og Smith, 1997).

Niðurstöður fyrir samvirknibreyturnar sýna stuðning við tilgátur tvö og þrjú, að áhrif verri lífskjara í kjölfar kreppunnar á huglægt óréttlæti séu skilyrt bæði af samanburði við aðra og af væntingum um stöðu/lífskjör. Ef litið er á samvirkni lífskjarabreytinga og væntinga um stöðu má sjá að því svartsýnni sem einstaklingar eru um stöðu sína í náinni framtíð því meiri áhrif hafa versnandi lífskjör á upplifun á óréttlæti. Að sama skapi má sjá á samvirkni lífskjarabreytinga og samanburðar við aðra Íslendinga að eftir því sem einstaklingar telja sig hafa komið verr út úr kreppunni í samanburði við aðra Íslendinga því meiri áhrif hafa versnandi lífskjör á upplifun á óréttlæti.

Þessar niðurstöður halda að teknu tilliti til lýðbreyta. Fram kemur að aldur hefur marktæk (neikvæð) sveiglínuáhrif á upplifun á óréttlæti. Að teknu tilliti til huglægs samanburðar er upplifun á óréttlæti minni hjá yngra og eldra fólki en mest hjá þeim sem eru á miðjum aldri. Einstaklingar sem eru með háskólapróf eða framhaldsskólapróf eru marktækt ólíklegri til að upplifa óréttlæti en þeir sem eru með grunnskólapróf eða minna.

Tafla 2. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna huglægt óréttlæti.

	Jafna 1	Jafna 2	Jafna 3
Huglægur samanburður			
Breyting á lífskjörum eftir kreppu	0,138***	0,118***	0,128***
Væntingar um lífskjör/stöðu	-0,159**	-0,173**	-0,157**
Áhrif kreppu samanborið við aðra	0,043*	0,038*	0,031[a]
Samvirknibreytur			
Breyting á lífskjörum* Væntingar um lífskjör/stöðu	-0,104**	-0,100**	-0,106**
Breyting á lífskjörum* Áhrif kreppu samanborið við aðra	0,065***	0,062***	0,050**
Lýðbreytur			
Kyn	0,086	-0,006	-0,003
Aldur	0,034**	0,034*	0,033*
Aldur²	-0,0004***	-0,0004**	-0,0004*
Hjúskaparstaða	-0,032	0,010	-0,031
Eitt barn	-0,036	-0,010	-0,016
Tvö börn eða fleiri	0,034	0,070	0,028
Háskólamenntun	-0,372***	-0,227**	-0,303**
Framhaldsskólamenntun	-0,256***	-0,169*	-0,171*
Búseta	0,081	0,097	0,087
Hlutlæg staða			
Tekjur	- - -	-0,020	-0,019
Heimilistekjur	- - -	-0,031*	-0,023
Í hutastarfi	- - -	0,111	0,145
Nemi	- - -	-0,111	-0,143
Atvinnulaus	- - -	0,119	0,083
Öryrki	- - -	0,546**	0,504**
Á eftirlaunum	- - -	-0,088	-0,156
Heimavinnandi	- - -	0,170	0,180
Einungis húsnæðisskuldir	- - -	- - -	0,129
Aðrar skuldir (ekki húsnæði)	- - -	- - -	0,322**
Bæði húsnæðis- og aðrar skuldir	- - -	- - -	0,231
Skurðpunktur	-0,464*	-0,275	-0,306
R^2	0,165	0,208	0,233
N	670	670	579

* p < .05; ** p < .01; *** p < .001 (two-tailed test)
[a] 0,098

Í jöfnum tvö og þrjú er hlutlægri stöðu bætt við líkanið til þess að kanna hvort tilgátur haldi. Í jöfnu tvö er stjórnað fyrir atvinnustöðu, tekjum og heimilistekjum og í jöfnu þrjú er skulda- og eignastöðu bætt við. Eins og áður kom fram er brottfallsgildi

frekar hátt á breytunum sem mæla skulda -og eignastöðu. Þær eru því ekki hafðar með í megin niðurstöðum þó kannað sé hvort tilgátur haldi þegar stjórnað er fyrir þeim. Eins og sjá má haldast áhrif huglægs samanburðar á upplifun á óréttlæti þegar stjórnað er fyrir hlutlægri stöðu. Samvirkniáhrifin haldast einnig marktæk í jöfnu tvö og jöfnu þrjú.

Niðurstöður mælinga á hlutlægri stöðu benda til þess að öryrkjar séu marktækt líklegri en þeir sem eru í fullri vinnu til að upplifa stöðu sína í þjóðfélaginu sem óréttláta. Heimilistekjur hafa einnig marktæk áhrif á upplifun á óréttlæti, eftir því sem heimilistekjur eru hærri því minni líkur eru á að einstaklingurinn upplifi óréttlæti.

Til að skoða samvirkniáhrifin nánar eru áhrif lífskjarabreytinga skoðuð í mismunandi hópum. Annars vegar var jafna tvö var keyrð á allar háðu breyturnar eftir því hverjar væntingar fólks um lífskjör voru og hins vegar eftir því hvernig þeir töldu sig koma út í samanburði við aðra Íslendinga. Með þessu móti er hægt að sjá áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á líðan eftir því hvernig það telur sig hafa komið út úr kreppunni í samanburði við aðra Íslendinga og hverjar væntingar þeirra um lífskjör eru. Ástæða þess að jafna tvö er notuð en ekki jafna þrjú er hátt brottfallsgildi á skulda-og eignastöðu breytunum.



Mynd 6. Áhrif lífskjarabreytingar í kjölfar kreppu á upplifun á óréttlæti eftir væntingum um lífskjör/stöðu.

Á mynd sex sjáum við áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppunnar á upplifun á óréttlæti hjá tveim hópum. Annars vegar hjá þeim sem telja að staða/lífskjör sín eigi

eftir að batna á næstu misserum (N=148) og hins vegar þeim sem telja að hún eigi eftir að versna (N=90). Í töflu eitt sáum við að upplifun á versnandi lífkjörum hafði marktæk áhrif á upplifun á óréttlæti en jafnframt að áhrifin eru skilyrt af væntingum um framtíðina. Þetta mynstur kemur skýrt fram á mynd sex en þar kemur fram að áhrif versnandi lífskjara á óréttlæti eru mun sterkari í þeim hópi sem telur að staða eigi eftir að versna á næstu misserum. Þannig sýna fyrstu þrjár súlurnar á mynd eitt áhrif lífskjarabreytingar í kjölfar kreppu á huglægt óréttlæti fyrir þann hóp sem telur að lífskjör/staða sín eigi eftir að versna á næstu misserum. Næstu þrjár súlur sýna áhrif lífskjarabreytingar á huglægt óréttlæti í þeim hópi sem telur að staða sín muni batna á næstunni. Sjá má að aðeins er samband á milli lífskjarabreytinga og upplifunar á óréttlæti í fyrri hópnum en ekkert samband er í síðari hópnum. Einstaklingar sem telja að lífkjör sín hafi versnað síðan fyrir kreppu eru einungis líklegri til að upplifa stöðu sína í samfélaginu sem óréttláta ef væntingar þeirra um framtíðina eru neikvæðar. Þessar niðurstöður styðja tilgátu þrjú.



Mynd 7. Áhrif lífskjarabreytingar í kjölfar kreppu á upplifun á óréttlæti eftir samanburði við aðra Íslendinga.

Á mynd sjö getur að líta sambandið á milli lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu og upplifunar á óréttlæti fyrir þrjá ólíka hópa. Í fyrsta lagi þá sem telja kreppuna hafa haft verri áhrif á fjárhag sinn en aðra Íslendinga, í öðru lagi þá sem telja kreppuna hafa haft svipuð áhrif á fjárhag sinn og aðra Íslendinga og í þriðja lagi þá sem telja kreppuna hafa haft betri áhrif á fjárhag sinn en aðra Íslendinga. Hjá þeim hópi fólks sem telur fjárhag

sinn hafa komið verr út úr kreppunni en fjárhag annarra Íslendinga eru marktæk tengsl við að telja lífskjör sín hafa versnað síðan fyrir kreppu og upplifunar á óréttlæti Það að telja lífskjör sín verri nú en fyrir kreppu hefur ekki marktæk áhrif á upplifun á óréttlæti í þeim hópum sem annað hvort telja fjárhag sinn svipaðan og annarra Íslendinga eða hafa komið betur út miðað við aðra Íslendinga. Þessar niðurstöður styðja tilgátu tvö um að áhrif lífskjarabreytinga á upplifun á óréttlæti séu háð samanburði við aðra Íslendinga.

Upplifun á reiði. Í töflu þrjú getur að líta niðurstöður fyrir aðhvarfsgreiningu á reiði. Líkanið er alveg eins og það sem mátti sjá fyrir huglægt óréttlæti. Í jöfnu eitt eru niðurstöður fyrir áhrif samvirknibreytanna á reiði að teknu tilliti til beinna áhrifa huglægs samanburðar og lýðbreytanna. Óskilyrt áhrif huglægs samanburðar á reiði eru í öllum tilfellum ómarktæk við 95% öryggismörk. Áhrif versnandi lífskjara í kjölfar kreppunnar á reiði eru marktæk við 90% öryggismörk (p= 0,086). Marktæka samvirkni er að finna milli lífskjarabreytingar í kjölfar kreppunnar og væntinga um lífskjör. Eftir því sem væntingar um lífskjör fara versnandi aukast áhrif neikvæðra lífskjarabreytinga á upplifun á reiði. Þetta er í samræmi við rannsóknartilgátu tvö. Samvirknin á milli lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu og samanburðar við aðra Íslendinga er ekki marktæk fyrr en hlutlægri stöðu hefur verið bætt inn í jöfnuna. Í jöfnu tvö kemur fram að rétt eins og fyrir upplifun á óréttlæti eru þeir einstaklingar sem telja fjárhag sinn hafa komið illa út úr kreppunni í samanburði við aðra Íslendinga líklegri til að upplifa reiði í kjölfar versnandi lífskjara en þeir sem ekki telja sig koma illa út í samanburðinum. Samvirknin á milli breytinga á lífskjörum og væntinga um framtíðina helst jafnframt marktæk þegar stjórnað er fyrir hlutlægri stöðu. Í jöfnu þrjú er skulda -og eignastöðu bætt inn í jöfnuna en það hefur lítil áhrif á samvirknina á milli huglægs samanburðar og haldast því niðurstöðurnar.

Tafla 3. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna reiði.

	Jafna 1	Jafna 2	Jafna 3
Huglægur samanburður			
Breyting á lífskjörum eftir kreppu	0,022[a]	0,014	0,012[d]
Væntingar um lífskjör/stöðu	-0,028	-0,037	-0,043
Áhrif kreppu samanborið við aðra	-0,005	-0,006	-0,008
Samvirknibreytur			
Breyting á lífskjörum* Væntingar um lífskjör/stöðu	-0,030[b]	-0,032*	-0,036*
Breyting á lífskjörum* Áhrif kreppu samanborið við aðra	0,021**	0,020**	0,022**
Lýðbreytur			
Kyn	0,007	0,006	0,003
Aldur	-0,015**	-0,018**	-0,016*
Aldur²	-0,00008	-0,0001	-0,00009
Hjúskaparstaða	0,012	0,033	0,011
Eitt barn	0,029	0,041	0,056
Tvö börn eða fleiri	0,048	0,058	0,075*
Háskólamenntun	-0,074*	-0,041	-0,010
Framhaldsskólamenntun	-0,041	-0,014	-0,024
Búseta	0,072*	0,076**	0,046
Hlutlæg staða			
Tekjur	- - -	-0,0001	-0,0003
Heimilistekjur	- - -	-0,012[c]	-0,011[e]
Í hutastarfi	- - -	-0,015	0,023
Nemi	- - -	-0,068	-0,025
Atvinnulaus	- - -	0,202**	0,213*
Öryrki	- - -	0,049	0,112
Á eftirlaunum	- - -	-0,059	0,004
Heimavinnandi	- - -	0,035	0,129
Einungis húsnæðisskuldir	- - -	- - -	-0,021
Aðrar skuldir (ekki húsnæði)	- - -	- - -	0,032
Bæði húsnæðis- og aðrar skuldir	- - -	- - -	0,119
Skurðpunktur	1,778	1,872	1,806
R^2	0,142	0,165	0,180
N	675	675	580

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$ (two-tailed test)
[a] p=0,086, [b] p=0,053, [c] p=0,059, [d] p=0,066, [e] p=0,093

Aldur er marktækur í öllum jöfnum en hér er sambandið línulegt en ekki sveiglínulaga. Eftir því sem fólk eldist því minna reitt er það. Fólk sem býr á

höfuðborgarsvæðinu er marktækt reiðara en fólk sem býr á landsbyggðinni en það samband verður ómarktækt í þriðju jöfnu þegar stjórnað er fyrir skulda -og eignastöðu. Í jöfnu tvö og þrjú má sjá að eftir því sem heimilistekjur aukast því minni reiði upplifir fólk. Þetta samband er nálægt því að vera marktæk en p= 0,053 í jöfnu eitt og P=0,059 í jöfnu þrjú. Ef við lítum á atvinnustöðu þá er atvinnulaus eina tvíkostabreytan sem er marktæk. Atvinnulausir einstaklingar eru samkvæmt þessu marktækt reiðari en fólk í fullu starfi. Áhrif skulda -og eignastöðu á reiði eru ómarktæk.

Eins og áður skoðum við samvirknina nánar. Á myndum átta og níu getur að líta áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á reiði fyrir ólíka hópa fólks. Fyrst skoðum við væntingar um stöðu/lífskjör og svo samanburð við aðra Íslendinga.



Mynd 8. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á reiði eftir væntinum um lífskjör.

Á mynd átta sjáum við áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á reiði fyrir tvo hópa. Annars vegar þá sem telja að staða/lífskjör sín eigi eftir að batna á næstu misserum og hins vegar þá sem telja að hún eigi eftir að versna. Í töflu þrjú sáum við að áhrif lífskjarabreytinga kjölfar kreppu á upplifun á óréttlæti eru skilyrt af væntingum um stöðu í framtíðinni. Áhrif versnandi lífskjara á reiði eru marktækt sterkari meðal þeirra sem telja að lífskjör sín eigi eftir að versna á næstu misserum. Ef við lítum á súlurnar fyrir þann hóp fólks sem telur að lífkjör sín eigi eftir að batna, sjáum við að sambandið á milli þess að telja lífskjör sín verri í kjölfar kreppunnar og upplifunar á reiði er

algjörlega horfið. Einstaklingar sem telja lífkjör sín hafa versnað síðan fyrir kreppu upplifa því einungis reiði ef væntingar þeirra um framtíðina eru brostnar. Þessar niðurstöður eru til stuðnings tilgátu þrjú um að áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á líðan skilyrðist af væntingum um framtíðina.



Mynd 9. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á reiði eftir samanburði við aðra Íslendinga.

Á mynd níu sjáum við áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á reiði hjá þremur hópum. Hjá þeim hópi fólks sem telur fjárhag sinn hafa komið verr út úr kreppunni en fjárhag annarra Íslendinga eru marktæk tengsl við að upplifa verri lífskjör í kjölfar kreppu á upplifun á reiði. Það að upplifa lífskjör sín verri nú en fyrir kreppu hefur ekki marktæk áhrif á upplifun á reiði í þeim hópum sem annað hvort telja kreppuna hafa komið svipað við fjárhag sinn og annarra Íslendinga eða telja sig hafa komið betur út úr kreppunni en aðrir Íslendingar. Sambandið sem virðist vera til staðar á myndinni fyrir 'svipuð áhrif og hjá öðrum' og 'betri áhrif en hjá öðrum' er ómarktækt. Þessar niðurstöður styðja tilgátu tvö um að áhrif lífskjarabreytinga á upplifun á reiði sé skilyrt af samanburði við aðra Íslendinga.

Upplifun á stöðugleika í þjóðfélaginu. Í töflum fjögur og fimm getur að líta niðurstöður aðhvarfsgreiningar á upplifun á siðrofi. Í töflu fjögur eru niðurstöður aðhvarfsgreiningar á huglægum stöðugleika í þjóðfélaginu. Þar kemur fram að þeir einstaklingar sem telja lífskjör sín

hafa versnað síðan fyrir kreppu eru marktækt líklegri til þess að upplifa óstöðugleika í þjóðfélaginu. Þessar niðurstöður haldast þegar stjórnað er fyrir hlutlægri stöðu í jöfnu eitt og skulda -og eignastöðu í jöfnu þrjú. Bein áhrif væntinga um stöðu/lífskjör og samanburðar við aðra Íslendinga á huglægan stöðugleika eru ómarktæk. Marktæk samvirkni er á milli þess að upplifa neikvæða lífskjarabreytingu í kjölfar kreppunnar og væntinga um lífskjör/stöðu. Eftir því sem væntingar um lífskjör verða neikvæðari aukast áhrif neikvæðra lífskjarabreytinga á upplifun á reiði. Samvirkniáhrifin haldast þegar stjórnað er fyrir hlutlægri stöðu í jöfnu tvö. Í jöfnu þrjú er skulda -og eignastöðu bætt inn og verða þá samvirkniáhrifin ómarktæk. Ekki reyndist marktæk samvirkni á milli lífskjarabreytinga og samanburðar við aðra Íslendinga.

Tafla 4. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna stöðugleiki í þjóðfélaginu.

	Jafna 1	Jafna 2	Jafna 3
Huglægur samanburður			
Breyting á lífskjörum eftir kreppu	-0,141***	-0,131***	-0,121***
Væntingar um lífskjör/stöðu	0,078	0,088	0,115*
Áhrif kreppu samanborið við aðra	0,008	0,010	0,013
Samvirknibreytur			
Breyting á lífskjörum* Væntingar um lífskjör/stöðu	0,074*	0,077*	0,044
Breyting á lífskjörum* Áhrif kreppu samanborið við aðra	0,004	0,005	0,011
Lýðbreytur			
Kyn	-0,037	-0,015	0,022
Aldur	-0,012	-0,013	-0,003
Aldur²	-0,00009	-0,00009	-0,00002
Hjúskaparstaða	-0,007	-0,030	-0080
Eitt barn	-0,064	-0,068	-0,049
Tvö börn eða fleiri	0,048	0,041	0,055
Háskólamenntun	0,468***	0,436***	0,406***
Framhaldsskólamenntun	0,105	0,089	0,045
Búseta	0,083	0,083	0,094
Hlutlæg staða			
Tekjur	- - -	0,003	0,003
Heimilistekjur	- - -	0,019	0,031[a]
Í hutastarfi	- - -	-0,061	-0,061
Nemi	- - -	0,080	0,126
Atvinnulaus	- - -	-0,062	0,051
Öryrki	- - -	0,114	0,137
Á eftirlaunum	- - -	0,064	0,193
Heimavinnandi	- - -	-0,196	-0,233
Einungis húsnæðisskuldir	- - -	- - -	0,064
Aðrar skuldir (ekki húsnæði)	- - -	- - -	0,138
Bæði húsnæðis- og aðrar skuldir	- - -	- - -	-0,389*
Skurðpunktur	2,158	2,060	1,722
R^2	0,122	0,130	0,138
N	670	670	575

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$ (two-tailed test)
[a] $p = 0,07$

Fram kemur í jöfnum eitt til þrjú að fólk með háskólapróf er marktækt líklegra til þess að upplifa meiri stöðugleika í þjóðfélaginu en þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi eða minna. Í jöfnu þrjú sést að þeir einstaklingar sem eiga engan sparnað heldur skulda bæði í húsnæði og öðru eru marktækt líklegri til að upplifa óstöðugleika í þjóðfélaginu en þeir sem ekki skulda neitt.



Mynd 10. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á stöðugleika í þjóðfélaginu eftir væntingum um lífskjör.

Til glöggvunar á samvirkniáhrifunum má sjá á mynd tíu áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á upplifun á stöðugleika í þjóðfélaginu fyrir tvo hópa. Annars vegar þá sem telja að staða/lífskjör sín eigi eftir að batna á næstu misserum og hins vegar þá sem telja að hún eigi eftir að versna. Í töflu fjögur sáum við að upplifun á versnandi lífkjörum hafði marktæk áhrif á huglægan stöðugleika en jafnframt að áhrifin eru skilyrt af væntingum um stöðu/lífskjör. Áhrif versnandi lífskjara á upplifun á óstöðugleika í þjóðfélaginu eru sterkari meðal þeirra sem telja að lífskjör sín eigi eftir að versna á næstu misserum. Ef við lítum á súlurnar fyrir þann hóp fólks sem telur að lífkjör sín eigi eftir að batna, sjáum við að sambandið á milli þess að telja lífskjör sín verri en fyrir kreppu og upplifunar á stöðugleika er horfið. Sambandið sem virðist vera til staðar á myndinni er ómarktækt. Einstaklingar sem telja lífskjör sín hafa versnað í kjölfar kreppunnar eru einungis líklegri til að upplifa að

samfélagið sé í upplausn ef væntingar þeirra um lífskjör eru neikvæðar. Þessar niðurstöður eru enn frekar til stuðnings tilgátu þrjú.

Hollusta við norm. Í töflu fimm koma fram niðurstöður aðhvarfsgreiningar á hollustu við norm. Hér vekur aftur athygli að áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu eru ekki marktæk fyrr en stjórnað hefur verið fyrir hlutlægri stöðu. Eftir því sem fólk telur lífskjör sín hafa versnað meira í kjölfar kreppunnar því líklegra er það til þess að hafa minni hollustu við norm samfélagsins þegar stjórnað er fyrir lýðbreytunum og hlutlægri stöðu. Þessar niðurstöður haldast einnig þegar stjórnað er fyrir skulda -og eigna stöðu í jöfnu þrjú. Bein áhrif hinna breytanna sem mæla huglægan samanburð á hollustu við norm eru ekki marktæk.

Marktæk samvirkni er á milli lífskjarabreytinga og væntinga um stöðu/lífskjör. Eftir því sem væntingar um lífskjör verða neikvæðari aukast áhrif lífskjarabreytinga á óhollustu við norm að teknu tilliti til lýðbreytanna. Þessar niðurstöður haldast þegar stjórnað er fyrir hlutlægri stöðu og skulda -og eignastöðu. Ekki er marktæk samvirkni á milli lífskjarabreytinga og samanburðar við aðra Íslendinga.

Þegar litið er á lýðbreyturnar kemur fram að konur eru marktækt líklegri til þess að sýna hollustu við normin. Marktækt sveiglínusamband er við aldur þegar stjórnað er fyrir hlutlægri stöðu. Hollusta við norm er minni hjá yngra og eldra fólki en mest hjá fólki á miðjum aldri. Einstaklingar með háskólamenntun og framhaldsskólamenntun eru marktækt líklegri til að sýna hollustu við norm en þeir sem eru með grunnskólamenntun eða minna. Ef litið er á atvinnustöðu þá er nemi eina tvíkostabreytan sem sýnir marktæk áhrif á hollustu við norm. Niðurstöður benda til þess að nemar séu líklegri til þess að sýna hollustu við norm en einstaklingar í fullri vinnu.

Tafla 5. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir fylgibreytuna hollusta við norm.

	Jafna 1	Jafna 2	Jafna 3
Huglægur samanburður			
Breyting á lífskjörum eftir kreppu	-0,056 [a]	-0,064*	-0,070*
Væntingar um lífskjör/stöðu	0,030	0,018	0,009
Áhrif kreppu samanborið við aðra	-0,003	-0,001	0,003
Samvirknibreytur			
Breyting á lífskjörum* Væntingar um lífskjör/stöðu	0,104**	0,106**	0,101*
Breyting á lífskjörum* Áhrif kreppu samanborið við aðra	-0,008	-0,007	0,001
Lýðbreytur			
Kyn	0,268***	0,239**	0,184*
Aldur	0,034**	0,052***	0,052**
Aldur²	-0,0003	-0,0004**	-0,001**
Hjúskaparstaða	-0,034	-0,051	0,024
Eitt barn	-0,157	-0,140	-0,084
Tvö börn eða fleiri	-0,101	-0,087	-0,109
Háskólamenntun	0,452***	0,477***	0,481***
Framhaldsskólamenntun	0,199**	0,202**	0,184*
Búseta	-0,004	-0,002	-0,036
Hlutlæg staða			
Tekjur	- - -	-0,009	-0,019
Heimilistekjur	- - -	0,012	0,022
Í hlutastarfi	- - -	-0,011	-0,045
Nemi	- - -	0,318*	0,214
Atvinnulaus	- - -	0,152	0,150
Öryrki	- - -	0,324	0,253
Á eftirlaunum	- - -	0,263	0,241
Heimavinnandi	- - -	0,060	-0,001
Einungis húsnæðisskuldir	- - -	- - -	-0,002
Aðrar skuldir (ekki húsnæði)	- - -	- - -	0,110
Bæði húsnæðis- og aðrar skuldir	- - -	- - -	-0,016
Skurðpunktur	2,802	2,328	2,396
R^2	0,108	0,127	0,123
N	667	667	575

* p < .05; ** p < .01; *** p < .001 (two-tailed test)
[a] p = 0,065



Mynd 11. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á hollustu við norm eftir væntingum lífskjör.

Til glöggvunar á samvirkniáhrifunum má sjá á mynd ellefu áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á hollustu við norm fyrir tvo hópa. Þá sem telja að staða/lífskjör sín eigi eftir að batna á næstu misserum og þá sem telja að hún eigi eftir að versna. Eins og sést á myndinni eru áhrif versnandi lífskjara sterkari meðal þeirra sem telja að lífskjör sín eigi eftir að versna á næstu misserum. Ef litið er á súlurnar fyrir þann hóp fólks sem telur að lífkjör sín eigi eftir að batna virðist vera samband á milli lífskjarabreytinga og hollustu við norm en það er í raun ómarktækt. Einstaklingar sem telja lífkjör sín hafa versnað í kjölfar kreppunnar sýna því einungis óhollustu við norm ef væntingar þeirra um lífskjör eru brostnar. Þessar niðurstöður eru enn frekar til stuðnings tilgátu númer þrjú.

Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á háðu breyturnar fjórar benda til þess að samvirkni sé að finna á milli áhrifa mismunandi samanburðar í sumum tilfellum en ekki öllum. Áhrif breytinga á lífskjörum síðan fyrir kreppu á huglægt óréttlæti, reiði og siðrof eru í öllum tilfellum háð væntingum um lífskjör/stöðu. Aftur á móti eru áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu einungis háð samanburði við aðra Íslendinga en aðeins fyrir huglægt óréttlæti eða reiði. Tilgáta fjögur stenst því aðeins að hluta til, en hún var sú að mynstrið væri eins fyrir hinar ólíku útkomur.

Umræður

Samkvæmt kenningum félagsfræðinnar geta skyndilegar breytingar í samfélaginu haft veruleg áhrif á líðan fólks. Eins og fram hefur komið segir Runciman (1966) tíðni og styrk afstæðs skorts aukast til muna þegar skyndileg breyting á samfélagsgerðinni á sér stað. Kreppan á Íslandi er einstakt tækifæri til að skoða áhrif afstæðs skorts á líðan einstaklinga á umbrotatímum. Miklar og hraðar breytingar á formgerð samfélagsins grafa undan stöðugleika og geta leitt til þess að einstaklingar samþættast ekki lengur samfélaginu og þeim viðmiðum og gildum sem þar ríkja (Runciman, 1966; Zhao o.fl., 2010). Þegar kreppa skellur skyndilega á eins og gerðist hér á landi er hætta á að margt fólk lendi í fjárhagserfiðleikum sem haft getur slæm áhrif á andlega líðan þeirra. Aðstæðurnar á Íslandi í dag, í miðri kreppu, eru því einstakt tækifæri til þess að einangra mismunandi tegundir félagslegs samanburðar og kanna áhrif samanburðarins á líðan einstaklinga burt séð frá fjárhagslegri stöðu þeirra.

Í þessari rannsókn var sett fram sú megin tilgáta að einstaklingar sem telja sig standa verr í dag í samanburði við lífskjör sín fyrir kreppu séu líklegri til að upplifa neikvæðar tilfinningar, á borð við reiði, óréttlæti og siðrof, burt séð frá efnahagsstöðu þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja þessa tilgátu. Einstaklingar sem upplifa neikvæða lífskjarabreytingu í kjölfar kreppu eru líklegri til að upplifa reiði, óréttlæti og siðrof að teknu tilliti til hlutlægra þátta á borð við menntun, tekjur og skuldastöðu.

Þessar niðurstöður styðja þá hugmynd að afstæður skortur hafi áhrif á líðan að teknu tilliti til hlutlægs skorts. Hugmyndin um afstæðan skort og huglægan samanburð er þó flókin. Einkum flækir það myndina að samanburðarferlin geta verið margvísleg og ekki er ljóst hvers konar samanburður hefur áhrif hverju sinni. Mikið hefur verið ritað um ólík áhrif mismunandi samanburðarhópa og fjöldi fræðimanna velt því upp hvaða samanburður sé mikilvægastur (Levine o.fl., 1987; Runciman, 1966). Í þessari ritgerð var ákveðið bæta þekkingu á þessu sviði með því að skoða mörg samanburðarferli í einu. Runciman (1966) segir samanburðinn birtast fyrst og fremst á tvennan hátt, annars vegar sem samanburð einstaklings við sjálfan sig yfir tíma og hins vegar sem samanburð við aðra hópa. Markmið þessarar rannsóknar hefur verið að skoða bæði þessi samanburðarferli og samvirkni þeirra.

Því var jafnframt sett fram sú tilgáta að áhrif versnandi lífskjara í kjölfar kreppu á líðan séu skilyrt af samanburði við aðra Íslendinga. Nánar tiltekið hvort þeir sem telji lífskjör sína hafa versnað í kjölfar kreppu séu líklegri til að upplifa reiði, huglægt óréttlæti og siðrof ef þeir telja kreppuna hafa haft verri áhrif á fjárhag sinn en annarra Íslendinga. Ástæða þess að áhrif Íslendinga sem samanburðarhóps voru könnuð er sú að íslenska þjóðin er fámenn og einsleit og það ásamt landafræðilegri legu Íslands gerir samanburð við aðra Íslendinga mjög aðgengilegan. Enn fremur benda fræðimenn eins og Tajfel (1978) á að félagsleg samsömun með ákveðnum hópi styrkist ef hópurinn upplifir utanaðkomandi mótlæti. Því meiri samsömun sem einstaklingur finnur með hópnum því sterkari verður hann sem samanburðarhópur. Samkvæmt *Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis* var tilfinningin í samfélaginu sú í kjölfar efnahagshrunsins að Íslendingar væru einir á báti og illa liðnir erlendis (Vilhjálmur Árnason o.fl., 2010). Það má því ætla að einstaklingar hér á landi finni til enn frekari samsömunar með öðrum Íslendingum í kjölfar kreppunnar og verði sá hópur því sérstaklega mikilvægur samanburðarhópur.

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja þessa hugmynd og sýna að áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á reiði og huglægt óréttlæti eru háð samanburði við aðra Íslendinga. Áhrif versnandi lífskjara í kjölfar kreppunnar á reiði og huglægt óréttlæti eru marktækt sterkari meðal þeirra sem telja sig hafa komið verr út úr kreppunni en aðrir Íslendingar. Áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á reiði og huglægt óréttlæti eru aftur á móti engin hjá þeim einstaklingum sem telja sig hafa komið svipað eða betur úr kreppunni en aðrir. Samvirkniáhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu og samanburðar við aðra Íslendinga á siðrof voru þó ekki marktæk. Því fæst ekki nema stuðningur að hluta til við þá röksemdarfærslu, sem sett var fram hér að framan, að sömu mynstrin ættu að vera til staðar fyrir allar háðu breyturnar.

Loks var sett fram sú tilgáta að þeir sem telji lífskjör sín hafa versnað síðan fyrir kreppu séu líklegri til þess að upplifa neikvæðar tilfinningar ef væntingar þeirra um lífskjör sín í framtíðinni eru slæmar. Þeir einstaklingar sem sjá fyrir sér bjarta framtíð þrátt fyrir núverandi stöðu kunna að líða síður illa yfir því að lífskjör þeirra hafi versnað frá því sem áður var. Þegar einstaklingur ber sig saman við sjálfan sig yfir tíma veltur ánægja hans með núverandi stöðu sína á væntingum um framtíðina eða reynslu úr fortíðinni. Merton (1968) bendir á að slíkur samanburður sé sérstaklega áhrifamikill í löndum þar sem menningin ýtir undir trú fólks á jöfn tækifæri því það geti orðið til þess að væntingar þeirra verði of miklar. Einstaklingar telja sig hafa jafnmikla möguleika og aðrir til þess að ná markmiðum sínum en

raunin er oft sú að þá vantar leiðir að markmiðunum. Þetta getur leitt til óhagstæðs samanburðar við væntingar um stöðu/lífskjör sem aftur getur orsakað reiði þegar einstaklingurinn nær ekki að uppfylla væntingar sínar. Fræðimenn eins og Davies (1969) og Gurr (1968) hafa jafnframt bent á að ef að væntingar um lífskjör í framtíðinni verða skyndilega neikvæðari þá er sérstaklega líklegt að einstaklingurinn upplifi neikvæðar tilfinningar í kjölfarið. Ef lífskjör einstaklingsins versna skyndilega eykst munurinn á núverandi lífskjörum og þeim væntingum sem hann hefur haft svo mikið að hann upplifir neikvæðar tilfinningar í kjölfarið. Gurr segir þetta gerast til dæmis þegar kreppa skellur á í samfélaginu, eins og gerðist hér á landi. Samkvæmt þessu ættu versnandi lífskjör í kjölfar skyndilegs efnahagshruns frekar að hafa neikvæð áhrif á einstaklinginn ef væntingar um framtíðina eru neikvæðar.

Niðurstöður styðja þessa röksemdarfærslu og sýna að áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á reiði, huglægt óréttlæti og siðrof eru háð væntingum um stöðu/lífskjör. Áhrif versnandi lífskjara í kjölfar kreppu á reiði og huglægt óréttlæti eru marktækt sterkari meðal þeirra sem telja að lífskjör sín eða staða eigi eftir að versna á næstu misserum. Áhrif lífskjarabreytinga á reiði og huglægt óréttlæti eru engin hjá þeim einstaklingum sem telja að staða sín eða lífskjör eigi eftir að batna á næstu misserum. Að sama skapi eru áhrif versnandi lífskjara á upplifun á óstöðugleika í samfélaginu sterkari meðal þeirra sem telja að lífskjör sín eigi eftir að fara versnandi. Áhrif lífskjarabreytinga á huglægan óstöðugleika eru engin hjá þeim hópi fólks sem telur að staða sín eigi eftir að batna. Sömu sögu er að segja um hollustu við norm. Áhrif versnandi lífskjara á veika hollustu við norm eru marktækt sterkari meðal þeirra sem telja að lífskjör sín eigi eftir að versna á næstu misserum. Aftur á móti hafa lífskjarabreytingar í kjölfar kreppu engin áhrif á hollustu við norm ef einstaklingar telja að staða þeirra eigi eftir að batna á næstu misserum.

Velta má upp mögulegum skýringum á því af hverju samvirkniáhrifin komu ekki fram fyrir allar útkomubreyturnar, þ.e. reiði, óréttlæti og siðrof. Niðurstöðurnar benda til þess að lífskjarabreyting í kjölfar kreppu hafi áhrif á líðan burt séð frá hlutlægri stöðu einstaklingsins og eru þessar niðurstöður í samræmi við kenningar um afstæðan skort. Aftur á móti eru þessi áhrif háð væntingum um lífskjör/stöðu og í sumum tilfellum samanburði við aðra. Það er ekki óeðlilegt að einstaklingar sem telja að lífskjör sín eigi eftir að batna á næstu misserum upplifi engar neikvæðar tilfinningar þrátt fyrir að vera

verr staddir nú en fyrir kreppu. Þeir telja að staða sín eigi eftir að lagast og upplifa því hvorki reiði, óréttlæti né siðrof.

Að sama skapi virðast áhrif lífskjarabreytinga á reiði og óréttlæti vera háð samanburði við aðra Íslendinga. Ef einstaklingar telja að það sé svipað eða verr komið fyrir öðrum í kjölfar kreppunnar eru minni líkur á að þeir líti á stöðu sína sem óréttláta eða upplifi reiði. Mögulega virðist þeim sem staða þeirra sé óhjákvæmileg þar sem aðrir eru að upplifa það sama. Ef aftur á móti þeir telja að verr sé komið fyrir þeim en öðrum Íslendingum í kjölfar atburðar sem þeir áttu ekki sök á er kannski ekki að undra að þeir fyllist reiði og upplifi óréttlæti.

Það sem kemur á óvart er að áhrif lífskjarabreytinga í kjölfar kreppu á siðrof var ekki háð samanburði við aðra Íslendinga. Ein skýring á þessum niðurstöðum gæti verið að einstaklingar upplifi einkum siðrof þegar þeir upplifa óstöðugleika í eigin lífi, á borð við snöggt versnandi lífskjör. Heimur einstaklinga er ekki lengur útreiknanlegur að þeirra mati þar sem reglur og viðmið eru óljós. Efnahagshrun getur aukið á þessar tilfinningar þar sem það grefur mjög skyndilega undan stöðugleika í þjóðfélaginu (Davies; 1969; Gurr, 1968; Runciman, 1966). Það er því kannski ekki að undra að samvirkniáhrif séu á milli lífskjaraskerðinga og væntinga um lífskjör á siðrof þar sem einstaklingar telja sig jafnvel hafa verið að gera allt rétt, fara eftir reglum samfélagsins en skyndilega eru væntingar þeirra um framtíðina brostnar. Þetta gerir það að verkum að þeir upplifa samfélagið í upplausn. Aftur á móti þarf neikvæður samanburður við aðra ekki endilega að þýða að samfélagið sé í upplausn eða að viðmið og gildi hafi tapað merkingu sinni. Það að telja sig koma illa út í samanburði við aðra vekur eðlilega upp tilfinningar um óréttlæti og reiði eins og við höfum séð þar sem einstaklingurinn telur sem verið sé að hafa eitthvað af honum sem hann eigi skilið og fyllist því öfund út í aðra. Þó honum þyki staða sín gagnvart öðrum óréttlát má velta því fyrir sér hvort það hafi nokkur áhrif á hvernig hann upplifir stöðugleika í þjófélaginu. Versnandi lífskjör ein og sér hafa áhrif á siðrof en það að telja sig koma illa út í samanburði við aðra virðist ekki verða til þess að einstaklingur upplifi samfélagið sitt í upplausn eða að einhver lögmál séu brotin.

Svo virðist sem samanburður einstaklings við hann sjálfan yfir tíma sé frekar sá huglægi samanburður sem leitt getur til siðrofs, mögulega vegna þess að ef einstaklingur telur sig hafa fylgt reglum samfélagsins, hefur ákveðnar væntingar en missir svo leiðirnar til að ná þeim þá upplifir hann samfélagið sem og í upplausn.

Reglurnar sem hann er búinn að vera að fylgja eftir virka ekki lengur og það er ekkert sem hann getur í því gert.

Megin atriði í kenningunni um afstæðan skort er að hann sé óháður raunverulegri efnahagsstöðu. Af þessum sökum var því spáð að áhrif huglægs samanburðar á líðan væru óháð hlutlægri stöðu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna stuðning við þessa röksemdarfærslu.

Mikið hefur verið ritað um áhrif mismunandi félagslegs samanburðar á ólíkar tilfinningar og hegðun. Þá hefur verið ritað um hver mikilvægasti samanburðarhópurinn sé og hvað mögulega gerist þegar fleiri en einn samanburður á sér stað. (Levine o.fl., 1987; Runciman, 1966). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að áhrif eins samanburðarhóps á líðan kunni að vera háð áhrifum annars samanburðarhóps að minnsta kosti í sumum tilfellum. Þessar niðurstöður eru því athyglisverð viðbót við fræðin.

Niðurstöður fyrir áhrif lýðbreytanna og breytanna sem mæla hlutlæga stöðu á líðan eru ekki síður merkilegar og áhugavert væri að skoða þau sambönd nánar í áframhaldandi rannsóknum. Háskólamenntun er eina stjórnbreytan sem hefur marktæk áhrif á líðan í öllum tilfellum, það er að segja á reiði, huglægt óréttlæti og siðrof. Einstaklingar sem eru háskólamenntaðir eru ólíklegri til að upplifa óréttlæti eða reiði en þeir sem eru með grunnskólamenntun eða minna (áhrifin á reiði verða ómarktæk þegar stjórnað er fyrir hlutlægri stöðu). Háskólamenntað fólk er marktækt líklegra til að upplifa stöðugleika í þjóðfélaginu og hollustu við norm en þeir sem eru með grunnskólamenntun eða minna. Samband aldurs og líðanar er einnig áhugavert. Áhrif aldurs á huglægt óréttlæti er marktækt sveiglínulaga sem segir okkur að upplifun á óréttlæti er minni hjá yngra fólki og eldra fólki en mest hjá fólki á miðjum aldri. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Jóns Gunnars Bernburg, Berglindar Hólm Ragnarsdóttur og Sigrúnar Ólafsdóttur (óbirt handrit) á upplifun einstaklinga á tekjuóréttlæti í fjórum löndum. Niðurstöður rannsóknar þeirra benda til þess að fólk á miðjum aldri sé líklegra til að upplifa tekjur sýnar sem óréttlátar burt séð frá raunverulegum tekjum þess.

Rannsókn þessi er mikilvæg viðbót við rannsóknir á sviði afstæðs skorts. Í fyrsta lagi fæst hér tækifæri til að skoða þessi sambönd í miðri kreppu, aðeins rétt rúmu ári eftir gífurlegt efnahagshrun. Í öðru lagi þar sem upplifun á afstæðum skorti er fyrirbæri á einstaklingsstigi eru áhrif upplifunar á afstæðum skorti á líðan skoðuð á einstaklingsstigi en ekki makró -stigi eins og margar rannsóknir á afstæðum skorti hafa verið gagnrýndar fyrir (Stiles o.fl., 2010). Í þriðja lagi er fleiri en ein tegund af samanburði skoðuð þar sem kenningin segir okkur að erfitt sé að vita hvers kyns samanburður verður helst fyrir valinu hjá fólki. Síðast en ekki síst eru

möguleg samvirkniáhrif mismunandi samanburðarhópa könnuð, en eins og áður hefur komið fram hefur samspil ólíkra samanburðarferla lítið verið skoðað. Við túlkun á niðurstöðum þessarar rannsóknar ber að hafa í huga að rannsóknin byggir ekki á tilraunagögnum og því er ekki hægt að fullyrða um orsakasambönd. Til að mynda er ekki hægt að fullyrða að neikvæður huglægur samanburður orsaki neikvæðar tilfinningar. Verið getur að orsakasambandið sé í hina áttina, þ.e. að neikvæðar tilfinningar móti huglægan samanburð. Fyrri rannsóknir styrkja þó þá túlkun að neikvæður huglægur samanburður hafi áhrif líðan (Hyman, 1942; Testa og Major, 1990).

Í kjölfar efnahagshrunsins hér á landi hefði mátt ætla að fjárhagsleg staða einstaklinga í miðri kreppunni réði mestu um hvaða áhrif hrunið hefði á líðan þeirra. Þeim sem væru verst staddir fjárhagslega liði verr en þeim sem eru betur staddir. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda þó til þess að málið sé flóknara en svo. Þær benda til þess að áhrif efnahagshrunsins á líðan fólks mótist ekki síður af huglægum samanburði. Ef samanburðurinn er neikvæður upplifa einstaklingar frekar reiði, huglægt óréttlæti og siðrof burtséð frá raunverulegri efnahags- og þjóðfélagsstöðu þeirra.

Heimildaskrá

Agnew, R. (1985). A revised strain theory of delinquency. *Social Forces*, 64, 151-167.

Agnew, R. (1992). Foundation for a general strain theory of crime and delinquency.*Criminology*, 30, 47-87.

Agnew, R. (2001). Building on the foundation of general strain theory: Specifying thetypes of strain most likely to lead to crime and delinquency. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 38, 319-361.

Agnew, R. (2006). *Pressured into crime: An overview of general strain theory*. LosAngeles: Roxbury.

Agnew, R. og White, H. (1992). An empirical test of general strain theory. *Criminology*,30, 475-500.

Austin, W. (1977). Equity theory and social comparison processes. Í J. M. Suls og R. L. Miller (Ritsj.), *Social comparison processes: theoretical and empirical perspectives* (bls. 279-305). Washington, D. C.: Hemisphere.

Blau, J. R. og Blau, P. M. (1982). The cost of inequality: metropolitan structure and Violent crime. *American Sociological Review*, 47 (1), 114-129.

Crosby, F. (1976). A model of egoistical relative deprivation. *Psychological Review*, 83(2), 85- 113.

Crosby, F. (1979). Relative deprivation revisited: a response to Miller, Bolce and Halligan. *The American Political Science Association*, 73(1), 103-112.

Crosby, F. og Bernstein, M. (1980). An empirical examination of relative deprivation theory. *Journal of Experimental Social Psychology*, 16(5), 442-456.

Daly, M. C., Wilson, D. og Johnson, N. (2008). Relative status and well-being: evidence from U.S. suicide deaths. *Federal Reserve Bank of San Francisco* Working Paper Nr. 2008-12.

Davies, J.C. (1969). The J-Curve of rising and declining satisfaction as a cause of some great revolutions and contained rebellion. Í H. D. Graham og T. R. Gurr (Ritstj.), *Violence in America*. New York: Bantam Books.

Derogatis, L. R., Lipman, R. S., and Covi, L. 1973. "SCL-90: An Outpatient Psychiatric Rating Scale – Preliminary Report." *Psychopharmacology Bulletin,* 9, 13-28.

Dóra S. Bjarnason. (1974). *A Study of the intergenerational difference in the perception of stratification in urban Iceland*. Óbirt meistararitgerð. Keele, England: Félagsfræðideild Keele Háskóla.

Durkheim, E. (2002 [1897]). *Suicide*. London:Routledge.

Eibner, C. E. og Gresenz, C. R. (2004). Does relative deprivation predict the need for mental health services? *Journal of mental health policy and economics*, 7(4), 167-175.

Eibner, C. E. og Evans, W. N. (2005). Relative deprivation, poor health habits and mortality. Journal of Human Resources, 40(3), 591-620.

Ellemers, N. (2002). Social identity and relative deprivation. Í I. Walker og H. J. Smith(Ritsjt.) *Relative deprivation: specification, development and integration. Cambridge*: Cambridge University Press.

Farnworth, M . og Leiber, M.J. (1989). Strain theory revisited: Economic goals, educational means, and delinquency. *American Sociological Review*, 54, 263-274.

Folger, R. (1984). Perceived injustice, referent cognitions and the concept of comparison level. *Representative Research in Social Psychology*, 14, 88-108.

Froggio, G. og Agnew, R. (2007). The relationship between crime and "objective" versus"subjective" strains. *Journal of Criminal Justice*, 35, 81-87.

Guðni Th. Jóhannesson. (2009). *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Gunnar Haraldsson og Magnús Árni Magnússon. (2009). Ísland 2009; Stöðuskýrsla. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Gurr, T. R. (1968). A causal model of civil strife: a comparative analysis using new indices. *American Political Science Review*, 62, 1104-24.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Skráðir atvinnulausir og hlutfall þeirra af mannafla eftir mánuðum 1980-2010. Sótt 8. maí af http://hagstofa.is/Hagtolur/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Vinnumarkadur.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson. (2001). *Hvernig getur Ísland orðið ríkasta land í heimi?* Reykjavík: Nýja bókafélagið.

Hulda Þórisdóttir. (2010). Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi: Aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (Ritsj.), *Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis*: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (8.bindi). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

Hyman, H. H. (1942). The Psychology of status. *Archives of Psychology No. 269*. New York: Columbia University.

Jaccard, J., Turrisi, R. og Wan, C.K. (1990). *Interaction effects in multiple regression*.Newbury Park, CA: Sage Publications.

Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2009). Relative deprivation and adolescent outcomes in Iceland: A multilevel test. *Social Forces,* 87(3), 1223-1250.

Jón Gunnar Bernburg, Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir. (2010). The paradox of social progress: exploring the income-injustice association across social democratic and liberal societies. Óbirt handrit.

Jón Gunnar Bernburg, Sigrún Ólafsdóttir og Berglind Hólm Ragnarsdóttir. Ójöfnuður og réttlæti á krepputímum. Handrit í vinnslu.

Kondo, N., Kawachi, I., Subramanian, S. V., Takeda, Y. Og Yamagata, Z. (2008). Do social comparisons explain the association between income inequality and health?: Relative deprivation and perceived health among male and female Japanese individuals. Social Science and Medicine, 67, 982-987.

Ladin, K., Daniels, N. og Kawachi, I. (2010). Exploring the relationship between absolute and relative position and late-life depression: evidence from 10 European countries. *Gerontologist*, 50(1), 327-334.

Levine, J.M. and Moreland, R.L. (1987). Social comparison and outcome evaluation in group context. Í Masters, J.C. og Smith, W.P. (Ritsj.), *Social Comparison, social justice, and relative deprivation*. London: Lawrence Erlbaum Associates.

Marmot, M. G. (2006). Status syndrome: a challenge to medicine. *Journal of the American Medical Association*, 295, 1304-1307.

Marx, K. (1978 [1847]). *Wage labour and capital*. Peking: Foreign Language Press.

Merton, R. K. (1968). Social structure and anomie. Í Robert K. Merton (Ritstj.), *Social theory and social structure* (bls. 185-214). New York: The free press.

Merton, R. K. og Rossi, A. S. (1968). Contributions to the theory of reference group behavior. Í Robert K. Merton (Ritstj.), *Social theory and social structure* (bls. 279-440). New York: The free press.

Neuman, W. L. (2006). *Social Research Methods. Qualitative and Quantitative Approaches*. (6. útgáfa). Boston: Pearsons Education.

Ourwerkerk, J., Ellemers, N., Smith, H. J., and Van Knippenberg, A. (2000). The swinging pendulum: affective and motivational consequences of temporal intergroup comparisons. Óbirt handrit.

Pettigrew, T. F. (1978). Three issues in ethnicity: boundaries, deprivations and perceptions. Í J. M. Yinger og S. J. Cutler (Ritstj.), *Major social issues* (bls. 25-49). New York: Free Press.

Pham-Kanter, G. (2009). Social Comparison and health: Can having richer friends and neighbours make you sick? *Social Science and Medicine*, 69(3), 335-344.

Reis, H. T. (1987). The nature of the justice motive: Some thoughts on operation, internalization, and justification. Í Masters, J.C. og Smith, W.P. (Ritsj.), *Social comparison, social justic, and relative deprivation*. London: Lawrence Erlbaum Associates.

Runciman, W.G. (1966). *Relative deprivation and social justice*. London: Routledge Og Kegan Paul.

Schmitt, M., Maes, J. og Widaman, K. (2010). Longitudinal Effects of Fraternal Deprivation on Life Satisfaction and Mental Health. *International Journal of Psychology*, 45(2), 122-130.

Seeman, M. (1959). On the Meaning of Alienation. *American Sociological Review*, 24(6), 783-791.

Smith (Ritstj.) Relative deprivation: specification, development and integration. Cambridge: Cambridge University Press.

Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins.

Stiles, B. L. Liu, X. og Kaplan, H. B. (2000). Relative deprivation and deviant adaptations: the mediating effects of negative self-feelings. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 37(1), 64-90.

Stouffer, S.A., Schuman, E.A., DeVinney, L. C., Star, S.A. og Williams, R.B. jr. (1949). *The American soldier: adjustment during army life* (vol.1). Princeton University Press.

Subramanyam, M., Kawachi, I., Berkman, L., Subramanian, S. V. (2009). Relative Deprivation in Income and self-related health in the United States. *Social science and Medicine*, 69(3), 327-334.

Tajfel, H. (1978). Differentiation between social groups: studies in the social psychology of intergroup relations. London: Academic Press.

Taylor, M.C. (2002). Fraternal deprivation, collective threat and racial resentment. Í I. Walker og H. J. Smith (Ritsjt.) Relative Deprivation: Specification, Development and Integration. Cambridge: Cambridge University Press.

Testa, M. og Major, B. (1990). The impact of social comparisons after failure: the moderating effects of perceived control. *Basic and Applied Social Psychology*, 11(2), 205-218.

Tyler, T.R., Boeckmann, R.J., Smith, H.J., og Huo, Y. (1997). *Social justice in a diversesociety*. Boulder, CO: Westview Press.

Tyler, T.R. og Smith, H.J. (1997). Social justice and social movements. Í Gilbert, D., Fiske, S., Lindzey, G. (Ritsj.), *Handbook of Social Psychology* (4. útgáfa, vol. 2, bls. 595-629). New York: McGraw-Hill.

Tyler, T. R. og Lind, E. A. (2002). Understanding the nature of fraternalistic deprivation: does group-based deprivation involve fair outcomes or fair treatment? Í I. Walker og H. J. Smith (Ritsjt.) *Relative deprivation: specification, development and integration. Cambridge*: Cambridge University Press.

Vanneman, R. og Pettigrew, T. F. (1972). Race and relative deprivation in the Urban United States. *Race*, 13, 461-486.

Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ásgeirsdóttir. (2010). Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (Ritsj.), *Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis*: *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (8.bindi). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

Walker, I. og Pettigrew,, T. F. (1984). Relative deprivation theory: an overview and conceptual critique. *British Journal of Social Psychology*, 23, 301-310.

Wilkinson, R. G. Og Pickett, R. G. (2006). Income inequality and population health: a review and explanation of the evidence. Social Science and Medicine, 62, 1768-1784.

Wills, T. A. (1981). Downward comparison principles in social psychology. *Psychological Bulletin*, 90, 245-271.

Yngwe, M. A., Fritzell, J. Burström, B. Og Lundberg, O. (2005). Comparison or consumption? Distinguishing between different effects of income on health in Nordic welfare states. *Social Science and Medicine*, 61, 627-635.

Zhao, R. og Cao, L. (2010). Social change and anomie: a cross-national study. *SocialForces,* 88(3), 1209-1230.

Þóroddur Bjarnason. (1998). Parents, religion and perceived social coherence: a Durkheimian framework of adolescent anomie. *Journal for the scientific study of Religion*, 37(4), 742-754.

Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, og Michael R. Welch (2005). Familial and religious influences on adolescent alcohol use: A multi-level study of students and school communities. *Social Forces*, 84, 375-390.

Þórólfur Þórlindsson (1988). Equality and educational opportunity in Iceland. *ScandinavianJournal of Educational Research*, 32(2), 9-22.

Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason (1998). Modeling Durkheim on the micro level: a study of youth suicidality. *American Sociological Review*, 63, 94-110.

Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg (2004). Durkheim's theory of social order and deviance: A multi-level test. *European Sociological Review*, *20*, 271-285.

Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna. (2007). Human Development Report 2007/2008. New York: Palgrave Macmillan.